



## **Þinggerð 61. Frjálssíþróttabands**

Þingið var haldið í Smáranum Kópavogi 23. og 24. mars 2018

<b>Yfirlit þinggerðar</b>	
<b>Setning þings</b>	<b>5</b>
<b>Kosning þingforseta og ritara</b>	<b>5</b>
<b>Kosning í nefndir þingsins</b>	<b>5</b>
<b>Ávarp formanns FRÍ, Freys Ólafssonar</b>	<b>5</b>
<b>Ávörp gesta</b>	<b>5</b>
<b>Afhending heiðursviðurkenninga</b>	<b>6</b>
Bronsmerki FRÍ	6
Silfurmerki FRÍ	7
Gullmerki FRÍ	7
Heiðursfélagar í FRÍ	7
<b>Skýrsla stjórnar</b>	<b>8</b>
<b>Niðurstaða kjörbréfanefndar</b>	<b>8</b>
<b>Kynning á reikningum sambandsins</b>	<b>8</b>
<b>Umræður um skýrslu og reikninga</b>	<b>9</b>
<b>Afgreiðsla reikninga sambandsins</b>	<b>11</b>
<b>Tillaga um þingskóp og vísun tillagna til þingnefnda</b>	<b>11</b>
<b>Nefndarstörf</b>	<b>12</b>
<b>Afgreiðsla tillagna og þingskjala</b>	<b>13</b>
<b>Fjárhagsnefnd</b>	<b>13</b>
Þingskjal nr. 1: Tillaga að fjárhagsáætlun 2018 - 2020	13
Þingskjal nr. 2: Tillaga að breytingu á 13. grein laga sambandsins - skerpt á orðalagi um uppgjörsár	15
Þingskjal nr. 3: Tillaga að breytingu á 13. grein laga sambandsins - uppgjörsár	16
Þingskjöl nr. 4 og 4a: Kostnaður aðildarfélaga við þátttöku í landsliðsverkefnum	16
<b>Allsherjarnefnd</b>	<b>18</b>
Þingskjal nr. 5: Afreksstefna, unglíngastefna, Afrekssjóður	18
Þingskjal nr. 6: Endurskoðun laga og reglna	19
Þingskjal nr. 7: Ályktunartillaga er varðar innleiðingu á endurskoðaðri persónuverndarlöggjöf	20
Þingskjal nr. 8: Laugardalshöll	21
Þingskjal nr. 9: Laugardalsvöllur	22
Þingskjal nr. 10: Metoo	23
Þingskjal nr. 10.1: Metoo	25

Þingskjal nr. 11: Tillaga að breytingu á 17. grein laga sambandsins	26
Þingskjal nr. 12: Tillaga að breytingu á 18. grein laga um nefndir FRÍ - Fækkun um tvö ungmenni í Unglinganefnd	28
Þingskjal nr. 13: Tillaga að breytingu á lögum FRÍ um Frjálsíþróttaping - Fulltrúafjöldi á FRÍ-þingum	29
Þingskjal nr. 14: Tillaga um keppnisfyrirkomulag unglíngamóta endurskoðað	30
Þingskjal nr. 15: Tillaga að stofnun landsliðs ungmenna	31
Þingskjal nr. 16: Tillaga að breytingu á reglugerð um Meistaramót Íslands	32

**Laganefnd** **33**

Ásbjörn Karlsson formaður laganefndar gerði grein fyrir tillögum sem nefndin hafði haft til umfjöllunar.	33
Þingskjal nr. 17: Tillaga að breytingu á lögum sambandsins - stafsetning	33
Þingskjal nr. 18: Tillaga að breytingu á 2. grein laga sambandsins - sambandsaðild, stytur texti	34
Þingskjal nr. 19: Tillaga að breytingu á 3. grein laga sambandsins - Hlutverk og skyldur	35
Þingskjal nr. 20: Tillaga að breytingu á 10. grein laga sambandsins - Uppstillingarnefnd kjörin á þingi	36
Þingskjal nr. 21: Tillaga að breytingu á 18. grein laga sambandsins - Mótanefnd og Mannvirkjanefnd	37
Þingskjal nr. 22: Tillaga að niðurfellingu á 19. grein laga sambandsins - Verkefni fastanefnda	38
Þingskjal nr. 23: Tillaga að breytingu á 21. grein laga sambandsins - sambandsaðilar og skýrsluskil	39
Þingskjal nr. 24: Tillaga að nýrri lagagrein - útgáfa reglna og gildistaka	40
Þingskjal nr. 25: Tillaga að breytingu á reglugerð um Bikarkeppni 15 ára og yngri	41
Þingskjal nr. 26: Tillaga að breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, aðalhluti	42
Þingskjal nr. 27: Tillaga að breytingu á 14. grein laga sambandsins - fjölrítun út, stafrænt inn	43
Þingskjal nr. 28: Tillaga að breytingu á 15. grein laga sambandsins - fært úr niðurfelldri reglugerð, atriði til skýringar	44
Þingskjal nr. 29: Tillaga að breytingu á 18. grein laga sambandsins - krafa á nefndir um fundargerðir	46
Þingskjal nr. 30: Áskorun vegna Unglingameistaramóts Íslands	48
Þingskjal nr. 31: Tillaga að breytingu á 31. reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss. Nýr aldursflokkur karla.	49
Þingskjal nr. 32: Tillaga að breytingu á 30. reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss. Nýr aldursflokkur karla.	51
Þingskjal nr. 34: Tillaga að breytingu á 21. reglugerð um umsóknir vegna mótahalds	53
Þingskjal nr. 35: Tillaga að breytingu á 28. reglugerð FRÍ - úrelt reglugerð felld úr gildi	54
Þingskjal nr. 36: Tillaga að breytingu á 30. reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss	55
Þingskjal nr. 37: Tillaga að breytingu á 30. reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss	56
Þingskjal nr. 38: Tillaga að breytingu á reglugerð 30. Meistaramót Íslands, utanhúss.	57
Þingskjal nr. 39: Tillaga að breytingu á reglugerð nr. 30, um Meistaramót Íslands, utanhúss	58
Þingskjal nr. 40: Tillaga að breytingu á 31. reglugerð. Meistaramót Íslands, innanhúss	60

Þingskjal nr. 41: Tillaga að breytingu á 31. reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss	61
Þingskjal nr. 42: Tillaga að breytingu á 31. reglugerð um Unglingameistaramót Íslands, innanhúss	62
Þingskjal nr. 43: Tillaga að breytingu á 31. reglugerð um Meistaramót Íslands, aðalhluta, innanhúss	63
Þingskjal nr. 44: Tillaga að breytingu á 31. reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss. Endurröðun í þraut.	64
Þingskjal nr. 46: Tillaga að nýrri reglugerð - reglugerð um götuhlaup	66
Þingskjal nr. 47: Áskorun um endurskoðun á fyrirkomulagi við keppni í 60m og 200m hlaupum innanhúss	71
Þingskjal nr. 48: Tillaga að breytingu á 27. reglugerð um kastháhöld og grindur	72
Þingskjal nr. 49: Tillaga að breytingu á 21. reglugerð FRÍ - langhlaup tekin út úr reglugerð um mótaumsókn	74
Þingskjal nr. 50: Tillaga að breytingu á 23. reglugerð FRÍ - langhlaup tekin út úr reglugerð um greiðslu	75
Þingskjal nr. 51: Tillaga að breytingu á 30. reglugerð FRÍ - Meistaramót í langhlaupum sér talin	76
Þingskjal nr. 52: Tillaga að breytingu á 30. reglugerð FRÍ - skerpt á möguleika á Íslandsmeistaratitli	77
Þingskjal nr. 53: Tillaga að breytingu á 33. reglugerð FRÍ - skerpt á reglum í Víðavangshlaupi	78
Þingskjal nr. 54: Tillaga að breytingu á 33. reglugerð FRÍ - vegalengdir í Víðavangshlaupi	79
<b>Kjör stjórnar og nefnda</b>	<b>80</b>
<b>Önnur mál</b>	<b>81</b>

## Setning þings

### Kosning þingforseta og ritara

Pétur Hrafn Sigurðsson og Theodóra Sigurlaug Þorsteinsdóttir voru kosin þingforsetar. Magnea Dröfn Hlynsdóttir og Björg Ágústsdóttir voru kosnar þingritarar.

### Kosning í nefndir þingsins

**Kjörbréfanefnd:** Gunnar Svavarsson (formaður),

**Fjárhagsnefnd:** Björg Ágústsdóttir (formaður),

**Laganefnd:** Ásbjörn Karlsson (formaður),

**Allsherjarnefnd:** Helgi S. Haraldsson (formaður)

### Gagna- og tæknimenn:

- Sindri Magnússon
- Gísli Freyr Sæmundsson

## Ávarp formanns FRÍ, Freys Ólafssonar

Formaður bauð þinggesti velkomna til þings og þakkaði Breiðabliki og Kópavogsbæ fyrir aðstöðu og góðar móttökur. Hann fjallaði um eðli frjálsíþróttar, minnst á hve sjálfbodaðarnir væru mikilvægir - driffjaðrir í héraði – sem vinni mikilvægt starf og geri frjálsíþróttastarfið í raun kleift. Hann minntist á þá staðreynd að þjóðin eldist og mikilvægt sé að koma hreyfingu inn sem þætti í daglegu lífi sem flestra. Það fæli í sér áskorun fyrir FRÍ. Hann sagði okkur lánsöm að eiga góðar fyrirmyndir í íþróttastarfinu sem aftur hjálpaði til við að afla fjár frá styrktaraðilum og minntist á styrktaraðila eins og Valitor.

## Ávörp gesta

*Ármann Kr. Ólafsson* bæjarstjóri Kópavogsbæjar ávarpaði þingið. Hann sagði það sérstaka ánægju sína að fá að taka á móti þinggestum. Kópavogsbær sé íþróttabær og frjálsíþróttastarfið sé öflugt. Hann vék að uppbyggingu aðstöðu sem hófst um 1950 og nefndi í því sambandi nafn Magnús Jakobssonar fv. formanns FRÍ sem væri öflugur liðsmaður frjálsíþróttanna og sitji í íþróttaráði Kópavogs. Bæjarstjórinn minntist á sjálfbodaðastarf, sem sé mikilvægt öllu íþróttastarfi. Hann talaði um kraftinn í Kópavogi, m.a. nýlegt afrek, þ.e. 80,49 m kast Sindra Hrafn Guðmundssonar í spjótkesti, en Sindri náði EM-lágmarkinu með því. Sindri væri fimmti Íslendingurinn til að kasta yfir 80 metra. Hann minntist á Arnar Pétursson, úr Kópavogi, sem sýnt hafi frábæran árangur í hlaupum. Ármann sagði að Kópavogsbær legði mikið uppúr skóla- og íþróttamálum. Hann kom inná hugmynd um og taldi að akkur væri í því ef bærinn ætti sitt Kópavogshlaup. Hann ræddi aðstöðumál sem alltaf væru í sviðsljósinu – hann ræddi um hugmyndir knattspyrnudeildar Breiðabliks um breytingar á aðstöðu í bænum, en jafnframt um nauðsyn þess að allar deildir eigi aðkomu að umræðu um aðstöðu og þurfi að ræða heildstætt. Sama sé uppi á teningnum þegar FRÍ óski aðkomu að umræðum ríkis, Reykjavíkurborgar og KSÍ um framtíð þjóðarleikvangs á

Laugardalsvelli. Hann taldi mikilvægt að frjálsíþróttir væru þar inni í myndinni og ekki undanskilin í samtali um slíka aðstöðu.

**Gunnar Bragason** flutti kveðju frá stjórn ÍSÍ. Hann þakkaði mjög góða starfsskýrslu og sagði ánægjulegt að fjármál sambandsins væru í góðu horfi. Hann minntist á uppbyggingu á aðstöðu sem orðið hefði víða um land, m.a. í Kópavogi, og sagði að það bæri að þakka fyrir það sem vel væri gert. Hann minntist á mikilvægi styrktaraðila og jafnframt á mikilvægi nýs samnings við ríkisvaldið um Afrekssjóð. Mun meira fjármagn færi nú í íþróttamál en oft áður, sem muni án efa skila sér í betra umhverfi fyrir afreksíþróttafólk okkar, sem séu mikilvægar fyrirmyndir. Aukið fjármagn þurfi þó, bæði til sérsambanda og einstakra sambanda. Hann minntist á Íslenska getsþá og getraunir sem gefi tekjur sem séu mikilvægur stuðningur fyrir íslenskt íþróttalíf. Hann fór yfir þátttöku Íslendinga á Ólympíuleikum sem sé eitt stærsta verkefni ÍSÍ og önnur mikilvæg verkefni eins og Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna og Kvennahlaupið. Hann hvatti þinggesti til að kynna sér fræðsluefni sem ÍSÍ legði mikla áherslu á að gefa út og hvatti líka til þess að fólk léti í sér heyra ef það hefði hugmyndir og ábendingar um frekari fræðslu og upplýsingar. Hann minntist á #metoo-byltinguna sem hvetti til þess að settar væru siðareglur og viðbragðsáætlanir. Ein saga eða eitt tilvik væri einu of mikið. Hann hvatti félögin til að hlúa vel að sínu sérsambandi. Hann sagði að starf sjálfboðaliða væri gríðarlega mikilvægt og færði þeim þakkir. Að því búnu heiðraði Gunnar Bragi, fyrir hönd ÍSÍ, eftirtalda aðila innan FRÍ:

- Lóa Björk Hallsdóttir, sæmd silfurmerki ÍSÍ.
- Þorsteinn Þorsteinsson, sæmdur gullmerki ÍSÍ.
- Sigurður Haraldsson, sæmdur gullmerki ÍSÍ.
- Fríða Rún Þórðardóttir, sæmd gullmerki ÍSÍ.

**Örn Guðnason** varaformaður UMFÍ flutti þinginu kveðju Hauks Valtýssonar formanns og allrar stjórnar UMFÍ. Hann minntist á #metoo-umræðuna sem sendi þau skilaboð að virðing og hlýja væri nauðsynleg í öllu íþróttastarfi. Hann minntist á stóra viðburði á vegum UMFÍ eins og Landsmót og Unglingalandsmót. Hið síðarnefnda yrði haldið í Þorlákshöfn í sumar og sagði áægjulegt hve vel hefði tekist til með þetta skemmtilega mót.

## **Afhending heiðursviðurkenninga**

Freyr Ólafsson formaður og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir úr orðunefnd tilkynntu um og afhentu eftirfarandi heiðursviðurkenningar.

## **Bronsmerki FRÍ**

Eftirtöldum var veitt bronsmerki FRÍ:

- Arndís Björnsdóttir, Breiðabliki
- Guðbjörg Viðarsdóttir, HSK
- Ingvar Garðarsson, HSK
- Ólafur Elí Magnússon, HSK

- Pétur Helgason, Vetrarhlaupin
- Unnur Sigurðardóttir, Fjölnir
- Þórey Edda Elísdóttir, FRÍ
- Þorkell G. Sigurbjörnsson, RÚV
- Þorkell Stefánsson, Silfrið

### **Silfurmerki FRÍ**

Eftirtöldum var veitt silfurmerki FRÍ:

- Alberto Borges Moreno, Breiðablik
- Áslaug Ívarsdóttir, ÍR
- Einar Vilhjálmsón, ÍR/FRÍ
- Eiríkur Mörk Valsson, Breiðablik/FRÍ
- Geirlaug Geirlausdóttir, Breiðablik/FRÍ
- Guðrún Heiðarsdóttir, Fjölnir
- Martha Ernstsóttir, ÍR
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson, RÚV/HSP
- Sonja Sif Jóhannsdóttir, UFA/FRÍ
- Þorsteinn Þórsson, ÍR/FRÍ

### **Gullmerki FRÍ**

Eftirtöldum var veitt gullmerki FRÍ:

- Egill Eiðsson, Breiðablik/FRÍ
- Kristinn Guðlaugsson, FH
- Margrét Héðinsdóttir, ÍR
- Sigurður Magnússon, UFA

### **Heiðursfélagar í FRÍ**

Eftirtalin voru gerð að heiðursfélögum í FRÍ:

- Einar Frímannsson, FRÍ
- Höskuldur Goði Karlsson, FRÍ
- Lára Sveinsdóttir, Ármann
- Valgerður Auðunsdóttir, HSK

Formaður FRÍ sámdi Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóra Kópavogsbæjar samstarfsmerki FRÍ fyrir gott samstarf „hingað til sem hér eftir“.

Hlé var nú gert á fundinum.

## Skýrsla stjórnar

Freyr Ólafsson formaður fór yfir skýrslu stjórnar. Sjá skýrslu.

## Niðurstaða kjörbréfanefndar

Gunnar Svavarsson formaður Kjörbréfanefndar fór yfir kjörbréfin. Samtals voru 72 fulltrúar mættir af 109 sem þýðir 66% kjörsókn.

### Fulltrúar:

- ÍBA 3/6
- IBH 12/12
- UMSS 3/6
- UMSB ¼
- UMSE 1/3
- UMSK 6/8
- UÍA 2/4
- HSB 2/3
- ÍBR 20/22
- HSK 12/13
- HSH 1/4

## Kynning á reikningum sambandsins

Guðlaug Baldvinsdóttir lagði fram reikninga FRÍ fyrir árin 2016 og 2017 og fór yfir þá. Hún fór sömuleiðis yfir ársreikninga FRÍ ehf. sem er í eigu FRÍ. Ársreikningar sem lagðir voru fram höfðu verið samþykktir af stjórn FRÍ. Ársreikningar og áritanir stjórnar og skoðunarmanna eru birt með starfsskýrslu stjórnar og vísast í það á bls. 48 og áfram.

Guðlaug sagði frá því að áskoranir hefðu falist í því að skipt var um framkvæmdastjóra vorið 2016, einnig að skipt hefði verið um bókara. Hún sagði frá því að mikil vinna hefði falist í að leiðrétta og stemma af stöðu gagnvart viðskiptaaðilum í bókhaldi FRÍ, en því væri nú lokið.

Guðlaug fór yfir helstu niðurstöður og birti þær á skjá. Nettóniðurstaða í reikningum FRÍ var +6,2m árið 2016 en +18,9m fyrir árið 2017. Hún fór svo yfir sundurliðanir á bls. 54 og 71.



Guðlaug sagði að staðan væri mjög góð og hefði batnað verulega, gengið hefði vel að finna styrktaraðila og það gæfi tækifæri til að efla starfið. ÓL voru 2016 og þá komu inn aukalega styrkir frá ÍSÍ.

## Umræður um skýrslu og reikninga

Þingforseti, Pétur Hrafn, opnaði svo mælendaskrá um skýrslu og reikninga.

**Jónas Egilsson** minntist á FRÍ ehf. sem stofnað var utan um rekstur á Frjálsþróttablaðinu sem gefið var út til skamms tíma og vegna samninga FRÍ við RÚV vegna útsendinga á gull- og demantamótum. Þaðan komi skuld FRÍ ehf. frá árinu 2009. Hann rakti samskipti við RÚV og rétthafa mótanna, en RÚV hafi ákveðið að slíta samstarfinu um útsendingu frá Demantamótunum. Jónas þakkaði skýrsluna, sem hann taldi vel fram setta og skemmtilega. FRÍ hafi stigið stórt skref fram á við fyrir góðan árangur í rekstri og starfsemi. Hann gerði þjónustugjaldið til FRÍ að umtalsefni, taldi það ekki íþyngjandi fyrir félögin og hvatti til þess að samböndin stæðu þétt að baki FRÍ í starfinu.

**Helgi S. Haraldsson** þakkaði stjórn fyrir skýrsluna og starfið á síðustu 2 árum. Helgi er varamaður í stjórn og sagði eftirtektarvert að mikil breyting hefði orðið á starfi og rekstri sambandsins. Hann rifjaði upp að fjármálastaðan hefði verið slæm fyrir nokkrum árum og þá hefði aukagjald, 1000 kr. á mann, verið lagt á. Hann sagði að starf FRÍ yrði aldrei öflugt ef ekki væri nægt fjármagn til að standa undir nauðsynlegum verkefnum. Hann taldi að einhverjir reikningar væru rangir, sem félögin hefðu fengið hjá FRÍ, byggt á upplýsingum úr FELIX, þar sem FELIX veitti ekki allskostar réttar upplýsingar. Helgi hvatti til þess að farið væri varlega hvað varðaði fjárhag sambandsins og bað þinggesti um að velta fyrir sér þeirri spurningu hvort ekki ætti að halda þjónustugjöldum óbreyttum og gefa frekar í varðandi afreksstarf og þátttöku í mótum. Mjög margt jákvætt hefði gerst í rekstrinum og mannhaldi og við ættum ekki að draga úr framlögum til starfsins.

**Unnur Sigurðardóttir**, Fjölmi minntist á framkvæmd innheimtu skáningargjalda á mót. Í tilfelli Fjölmi er það skrifstofa aðalstjórnar sem sér um greiðslu reikninga og því þarf að vera góður fyrirvari á innheimtu.

**Sveinn Margeirsson**, frjálsíþróttadeild KR, sagði að starfsemi FRÍ og árangur sem nú birtist væri eftirtektarvert sá besti í langan tíma og þakkaði fyrir það. Hann tók undir með Helga hér á undan og hvatti til þess að þjónustugjaldinu yrði haldið inni og starfið eft. Leitast yrði við að hafa fyrirkomulag eins og á innheimtu vegna mótsgjalda eins einfalda og hægt væri. Hann ræddi um mikilvægi „manneldis“, þ.e. um ræktun mannauðs, og óskaði tilvonandi nýrri stjórn velfarnaðar í störfum.

**Súsanna Helgadóttir**, FH, þakkaði fyrir starf framkvæmdastjóra og starfsfólks á tímabilinu, sem hún sagði hafa verið afskaplega faglegt og gott. Styður hún það að halda gjöldunum inni, þó fjárhagur hafi batnað. Hún minnti á að við værum að velja afreksfólk á stórmót, sem og í úrvalshóp þar sem efnilegir íþróttamenn væru að stíga fyrstu skrefin. Nauðsynlegt væri að styðja vel við þetta fólk, einhver þeirra munu verða framtíðarlandsliðsfólk okkar síðar. Þess vegna ættum við að horfa til þeirra og styrkja þessi verkefni áfram.

**Einar Vilhjálmsson** þakkaði stjórn fyrir góða skýrslu og ánægjulega niðurstöðu í rekstri. Hann nefndi þessa skuld við RÚV og áréttaði að stjórn og framkvæmdastjóri á sínum tíma hefðu borið hagsmuni FRÍ fyrir brjósti og þessi skuld væru eftirstöðvar af gömlum málum. Sátt hefði náðst í þessu uppgjörsmáli, þetta væri „skuld í góðum anda“ og ekki fyrirkvíðanlegt að búa til eitthvað nýtt.

**Freyr Ólafsson** sagði að vitað hefði verið um rangar upplýsingar inni FELIX, en taldi að eygja mætti lausn á því hjá ÍSÍ.

**Gunnar Bragason** hjá ÍSÍ kom upp og sagði frá því að ÍSÍ ynni að því að lagfæra og treysta FELIX.

### **Afgreiðsla reikninga sambandsins**

Þingforseti bar upp reikninga sambandsins til samþykktar:

Ársreikningur 2016 samþykktur samhljóða.

Ársreikningur 2017 samþykktur samhljóða.

Ársreikningur FRÍ ehf. 2016 og 2017 samþykktir samhljóða.

### **Tillaga um þingsköp og vísun tillagna til þingnefnda**

Fyrir þinginu liggja 54 tillögur. Þingforseti lagði til breytingu eftirfarandi tillögu um breytingu á þingsköpum:

„Þingheimur samþykkir að til að þingstörf gangi sem best fyrir sig að allar almennar umræður um einstaka tillögur fari fram í þingnefndum, þar komi breytingartillögur fram til umræðu.

Stefnt skuli að því að þingnefndir leggi fram eina sameiginlega tillögu til afgreiðslu eftir að nefndarstörfum lýkur. Við afgreiðslu þingmála er framtillögu svo breyttri ef það á við til afgreiðslu og aðeins hægt að leggja fram frávísunartillögu.”

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti fór yfir framlagðar tillögur, sem fyrir liggja á rafrænu formi, og tillögu stjórnar um að vísa þeim til umræðu nefnda þingsins, þannig:

Tillögur 1-4 verði vísað til fjárhagsnefndar.

Tillögum 5-16 verði vísað til allsherjarnefndar.

Tillögum 17-54 verði vísað til laganefndar.

Kl. 19:30 gerði Pétur Hrafn Þingforseti hlé á þingstörfum og var gengið til kvöldverðar sem var í boði Kópavogsbæjar.

#### Nefndarstörf

Nefndarstörf fóru fram frá kl. 20:00 til kl. 22:00 og rúmlega það hjá nefndum þingsins.

Afgreiðsla mála hófst svo morguninn eftir og er gerð grein fyrir henni í næsta lið.

**Laugardagur 24. mars 2018**  
**Afgreiðsla mála hófst kl. 10:10**

**Afgreiðsla tillagna og þingskjala**

Fjárhagsnefnd

Björg Ágústsdóttir formaður Fjárhagsnefndar gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar.

Átta nefndarmenn störfuðu í nefndinni en fjórum tillögum hafði verið vísað til nefndarinnar til umfjöllunar og afgreiðslu.

<b>Þingskjal nr. 1:</b>	<b>Tillaga að fjárhagsáætlun 2018 - 2020</b>
<b>Flutningsaðili:</b>	<b>Stjórn FRÍ</b>
<b>Tillaga nefndar:</b>	Fjárhagsnefnd leggur til að tillagan sé samþykkt
<b>Niðurstaða þings:</b>	Samþykkt

**Ársreikningur og áætlun**

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir áætlun áráanna 2018, 2019 og 2020.

<b>Samantekt</b>	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2018	2019	2020
Tekjur			
Framlög og styrkir samtals	52.000.000	54.000.000	56.000.000
Þjónustutekjur iðkenda	4.000.000	4.000.000	4.000.000
Tekjur af mótum samtals	3.230.000	4.230.000	5.230.000
Þátttökuframlag keppenda	4.770.000	4.770.000	4.770.000
Aðrar tekjur samtals	6.000.000	8.000.000	10.000.000
<b>Samtals</b>	<b>70.000.000</b>	<b>75.000.000</b>	<b>80.000.000</b>
Gjöld	2018	2019	2020
4. Laun og launatengd gjöld	20.000.000	20.000.000	21.000.000
Greiðslur til keppenda og félaga	14.000.000	16.000.000	18.000.000
Rekstur skrifstofu	5.000.000	5.300.000	5.500.000
Kynning fræðsla og útbreiðsla	3.500.000	3.500.000	4.000.000
Ýmis kostnaður	700.000	700.000	700.000
Niðurfærsla á kröfum	0	0	0
Kostnaður við mót innanlands	3.800.000	3.800.000	3.800.000
Kostnaður við mót erlendis	22.000.000	25.000.000	26.000.000
<b>Samtals</b>	<b>69.000.000</b>	<b>74.300.000</b>	<b>79.000.000</b>
Heildarniðurstaða	1.000.000	700.000	1.000.000

Greinargerð  
Engin greinargerð.

**Þingskjal nr. 2:** Tillaga að breytingu á 13. grein laga sambandsins - skerpt á orðalagi um uppgjörsár

**Flutningsaðili:** Stjórn FRÍ

**Tillaga nefndar:** Fjárhagsnefnd leggur til að tillagan sé samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 13. grein laga sambandsins

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á 13. grein laga sambandsins.

#### **Hljóðar þannig nú:**

Reikningsár FRÍ er miðað við áramót. Endurskoðaðir og áritaðir reikningar skulu liggja fyrir viku fyrir ársþing.

#### **Greinin hljóði svo:**

Reikningsár FRÍ er **almanaksárið**.

Endurskoðaðir og áritaðir reikningar skulu liggja fyrir viku fyrir **Frjálsíþróttaping**.

Greinargerð

Breytingin er aðlögun að almennu málfari annars vegar og hins vegar er skerpt á því að þingið sem um ræðir er Frjálsíþróttaping.

**Þingskjal nr. 3:** Tillaga að breytingu á 13. grein laga sambandsins - uppgjörssár

**Flutningsaðili:** Breiðablik/UMSK

**Tillaga nefndar:** Fjárhagsnefnd lagði til að tillagan yrði ekki borin upp þar sem hún væri þegar komin fram sem hluti af tillögu nr. 2.

**Niðurstaða þings:** Samþykkir tillögu Fjárhagsnefndar um að samþykkt á tillögu nr. 2 gangi lengra en tillaga nr. 3 og því þurfi ekki að bera tillöguna upp.

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 13. grein laga sambandsins

61. Frjálsíþróttahing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á 1. málsgrein 13. grein laga sambandsins.

**Málsgreinin hljóði svo:**

Reikningsár FRÍ er almanaksárið.

**Hljóðar þannig nú:** Reikningsár FRÍ er miðað við áramót.

Greinargerð

Breytingin er aðlögun að almennu málfari.

**Þingskjöl nr. 4 og 4a:** **Kostnaður aðildarféлага við þátttöku í landsliðsverkefnum**

**Flutningsaðili:** ÍR/ÍBR



**Tillaga nefndar:** Fjárhagsnefnd leggur ekki til að tillaga nr. 4 verði samþykkt og leggur fram nýja tillögu (nr. 4a - sjá síðar) sem til varð í framhaldi af umræðum í nefndinni um tillögu nr. 4.

**Niðurstaða þings:** Samþykkir með miklum meirihluta atkvæða tillögu 4a sem gengur lengra og þar með telst tillaga 4 fallin.

Spurt var um áhrif þeirrar lækkunar sem tillaga ÍR felur í sér.

#### **Tillaga 4**

##### **Áskorun um endurskoðun á kostnaðarpáttöku**

61. Frjálsíþróttáþing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að skora á stjórn FRÍ að endurskoða kostnaðarpáttöku aðildarfélaganna FRÍ vegna landsliðsverkefna fyrir árið 2018 og fram að næsta þingi með það að markmiði að lækka þessa upphæð á hvern iðkanda úr 45.000 kr á hvern keppanda niður í 35.000 á hvern keppanda.

Greinargerð

Kostnaður aðildarfélaganna vegna landsliðsverkefna jókst gríðarlega við síðustu ákvörðun stjórnar FRÍ um að hækka upphæðina úr 25.000 kr í 45.000 kr.

Í Reykjavík er endurgreiðsla ÍBR til félaganna aðeins 25.000 kr á hvern keppanda auk þess sem aðeins er greitt þrisvar sinnum á ári fyrir hvern einstakling. Þeir sem flestar ferðirnar fara eru að fara fleiri en þrjár ferðir á ári og því koma engar endurgreiðslur til fyrir fjölda iðkenda.

#### **Ný tillaga frá fjárhagsnefnd, út frá umræðu nefndarinnar um tillögu nr. 4.**

##### **Tillaga 4a**

##### **Áskorun um mat á kostnaðarpáttöku**

61. Frjálsíþróttáþing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, bendir á að síðastliðin ár hefur kostnaðarpátttaka aðildarfélaganna FRÍ vegna landsliðsverkefna hækkað umtalsvert frá því sem áður var. Kostnaðarpátttaka var kr 25.000 fram til þess að hún hækkaði í kr 45.000 á árinu 2016. Fjöldi metnaðarfullra landsliðsverkefna hefur aukist, sem er mikilvægt. Í ljósi þess að metnaðarfullt afreksstarf félaganna er kostnaðarsamt, er jafnframt mikilvægt að kostnaðarpáttöku félaga vegna landsliðsverkefna sé stillt í hóf. Lagt er til að stjórn FRÍ hafi þessi sjónarmið í huga, taki til umræðu á formannafundi og leggi mat á fjárhæð gjalds vegna kostnaðarpáttöku í landsliðsverkefnum fyrir næsta Frjálsíþróttáþing.

Allsherjarnefnd

Helgi S. Haraldsson formaður allsherjarnefndar gerði grein fyrir 12 tillögum sem nefndin tók fyrir.

**Þingskjal nr. 5:** Afreksstefna, unglिंगastefna, Afrekssjóður  
**Flutningsaðili:** Stjórn FRÍ  
**Tillaga nefndar:** Allsherjarnefnd lagði til að tillagan yrði samþykkt.  
**Niðurstaða þings:** Samþykkt

#### TILLAGA

61. Frjálsíþróttapening, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir fram lagða afreksstefnu, starfsreglur um afrekssjóð FRÍ sem og stefnu í unglिंगamálum

Greinargerð

Um málin hefur áður verið fjallað á formannafundum og kynnt út í hreyfingu og jafnvel unnið eftir, hins vegar ekki samþykkt á frjálsíþróttapeningi áður og því hér lagt fram til formlegrar samþykktar.

<b>Þingskjal nr. 6:</b>	<b>Endurskoðun laga og reglna</b>
<b>Flutningsaðili:</b>	Stjórn FRÍ
<b>Tillaga nefndar:</b>	Allsherjarnefnd lagði til að tillagan væri samþykkt
<b>Niðurstaða þings:</b>	Samþykkt

### TILLAGA

61. Frjálsþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að stjórn FRÍ standi fyrir heildar endurskoðun á reglugerðum FRÍ. Sérstaklega verði hugað að því að bæta aðgengi, birtingu og birtingaferli reglugerða.

Þá skoði stjórn FRÍ sérstaklega hvort þörf sé á heildar endurskoðun á lögum FRÍ fyrir 62. Frjálsþróttaping.

Greinargerð

Ljóst er af lestri sumra kafla laga og reglugerða FRÍ, að þar hefur verið gjarnan verið spunið við eldri kafla. Í reglugerðum er margt úrelt í ljósi tækninnar. Þörf er á að endurbirta einstaka reglugerðir og laga. Þetta ætti að vera verkefni

**Þingskjal nr. 7:      Ályktunartillaga er varðar innleiðingu á endurskoðaðri persónuverndarlöggjöf**

**Flutningsaðili:**      Stjórn FRÍ

**Tillaga nefndar:**    Allsherjarnefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:**   Samþykkt

## ÁLYKTUNARTILLAGA

61. Frjálsíþróttahósti, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, hvetur ÍSÍ til að leggja fram leiðarlínur sem íþróttahreyfingin getur stuðst við er varðar innleiðingu á endurskoðaðri persónuverndarlöggjöf (GDPR).

### Greinargerð

Verulegar breytingar eru framundan á kröfum Evrópusambandsins varðandi meðhöndlun á upplýsingum með innleiðingu persónuverndarlöggjafar (GDPR).

Ný Evrópureglugerð um persónuvernd (General Data Protection Regulation „GDPR“), mun taka gildi innan Evrópusambandsins í maí 2018 og verða gerðar sambærilegar breytingar á íslenskri persónuverndarlöggjöf í kjölfarið. Breytingarnar munu hafa áhrif á öflun, úrvinnslu og meðferð gagna sem innihalda persónuupplýsingar. Innleiðing nýju reglnanna felur í sér auknar kröfur um innra eftirlit og upplýsingaskyldu til einstaklinga og persónuverndaryfirvalda.

Mikilvægt er að íþróttahreyfingin sé hið fyrsta upplýst um hvaða breytingar þarf að gera, ef nauðsynlegt reynist, til að uppfylla skilyrði GDPR-tilskipunarinnar.

**Þingskjal nr. 8:**      **Laugardalshöll**

**Flutningsaðili:**      Stjórn FRÍ

**Tillaga nefndar:**      Allsherjarnefnd lagði til að tillagan væri samþykkt með smávægilegum breytingum á orðalagi sem nefndin gerði.

**Niðurstaða þings:**      Samþykkt

## ÁLYKTUNARTILLAGA

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, leggur áherslu á að íþróttastarfsemi í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal njóti forgangs umfram aðra starfsemi og hvetur ÍBR og ÍTR að standa vörð um aðgengi og þátttöku íþróttafélaganna í Reykjavík til æfinga og keppni í húsinu.

Greinargerð

Íþrótt- og sýningarhöllin (ÍSH) eða Laugardalshöllin er eitt fullkomnasta íþróttahús landsins. Þar fer fram skipulögð íþróttastarfsemi íþróttafélaganna í Reykjavík ásamt tilfallandi keppni og stærri íþróttaviðburðir s.s. frjálsíþróttakeppni RIG árt hvert. Um er að ræða rekstrarsamvinnu Reykjavíkurborgar (ÍTR) og ÍBR við ÍSH hf. (Íþrótt- og sýningarhöllin hf.) um skipulagningu tíma notkunar í húsinu.

Vegna stefnumarkandi áherslna í rekstri hússins falla niður úthlutaðir tímar íþróttafélaganna til skemmri eða lengri tíma, á það sérstaklega við þegar ráðstefnur og sýningar eru í húsinu, miklu frekar en þegar viðhaldi hússins er sinnt.

Mikilvægt er að íþróttafélögin geti alla jafna gengið að tímum sínum í húsinu og það þurfi ekki að koma til röskunar á skipulagðri starfsemi þeirra. Afar erfitt er að halda úti starfsemi félaganna í Reykjavík og mótahaldi FRÍ innlendu og alþjóðlegu, þegar inngríp verður vegna þess að æfinga- keppnisaðstaðan er ekki til staðar. Hefur það áhrif á alla uppbyggingu heilbrigðs íþróttastarfs og veldur verulegri truflun.

**Þingskjal nr. 9:**      **Laugardalsvöllur**

**Flutningsaðili:**      Stjórn FRÍ

**Tillaga nefndar:**      Allsherjarnefnd lagði til að tillagan væri samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum sem nefndin gerði.

**Niðurstaða þings:**      Samþykkt.

### ÁLYKTUNARTILLAGA

61. Frjálsíþróttatæping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, hvetur borgaryfirvöld og mennta- og menningarmálaráðuneytið að leita leiða til uppbyggingar þjóðarleikvangs á alþjóða mælikvarða fyrir frjálsíþróttir í Laugardal og fagnar um leið væntanlegri skipan starfshóps sem settur verður á laggirnar til undirbúnings þess mikilvæga verkefnis.

Greinargerð

Frjálsíþróttasamband Íslands fagnar allri umræðu um framtíð þjóðarleikvangs fyrir íþróttir í Laugardal. Gleðiefni er að sjá fram á tímabæra aðkomu ríkisvaldsins og um leið Reykjavíkurborgar að þjóðarleikvangi í nokkrum af höfuðíþróttum okkar Íslendinga. Laugardalsvöllur er nú heimavöllur Íslands í frjálsíþróttum, alþjóðlegur keppnisvöllur, sem og í knattspyrnu. Ljóst er að samtal um framtíð þjóðarleikvangs, sem uppfyllir alþjóðlegar keppniskröfur, fyrir frjálsíþróttir í Laugardal þarf að eiga sér stað áður en lengra er haldið um breytingar á Laugardalsvelli. Frjálsíþróttasamband Íslands er alltaf tilbúið í slíkt samtal og skorast ekki undan lausnarmiðuðum viðræðum öllum íþróttum á Íslandi til heilla.

**Þingskjal nr. 10: Metoo**

**Flutningsaðili:**

**Tillaga nefndar:** Allsherjarnefnd felldi tillöguna sjá sérstaka tillögu 10.1 allsherjarnefndar.

**Niðurstaða þings:** Felld þar sem tillaga 10.1 var samþykkt.

## ÁLYKTUNARTILLAGA

61. Frjálsíþróttahæing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, þakkar umfjöllun ÍSÍ á umliðnum vikum m.a. ábendingar til íþróttahreyfingarinnar er varðar upplýsingaefni tengt umræðu um kynferðislegt áreiti og ofbeldi. Jafnframt eru stjórnvöld, ríki og sveitarfélögin, í samvinnu við íþróttahreyfinguna hvött til að skapa nýjan endurskoðaðan samræmdan heildarramma sem íþróttafélögin geta nýtt sér til innleiðingar í störfum sínum.

Greinargerð

Um leið og Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) þakkar umfjöllun ÍSÍ á umliðnum vikum m.a. ábendingar til íþróttahreyfingarinnar er varðar upplýsingaefni tengt umræðu um kynferðislegt áreiti og ofbeldi. FRÍ vill taka undir þau sjónarmið ÍSÍ í ljósi umræðunnar í kjölfar #metoo að m.a. sé ein besta forvörnin falin í því að fræða, eiga góðar siðareglur og að opið og jákvætt andrúmsloft ríki í félögum innan íþróttafjölskyldunnar. Þá skiptir miklu máli að upplýsingaefnið og verklagið sé í takt við almennar samfélagsreglur.

FRÍ hvetur því ÍSÍ að vera í forsvari við endurskoðun á siðavenjum og almennu regluverki er lítur að þeim þáttum sem hér er um rætt og horfir til þess að vinna starfshóps sm mennta- og menningarmálaráðherra skipaði 12. janúar sl. með aðkomu ÍSÍ og UMFÍ geti varðað leiðina í þeim efnun. Aðildarfélög ÍSÍ eiga alla tíð og til nánustu framtíðar að geta horft á samræmdan hátt til ÍSÍ með styrkri aðkomu og stuðning sérsambanda, íþróttabandalaga og héraðssambanda á innleiðingu regluverks og aðgerðaáætlunum innan félaganna. Mikilvægi þess að um samræmdar aðgerðir sé að ræða skiptir miklu máli að mati FRÍ.

Miklir kostir eru fölgir í því að starfshópurinn skoði þau gögn sem liggja fyrir innan íþróttahreyfingarinnar, rannsaki og kanni á faglegan hátt stöðu þessara mála. Greini verkefni og vandmálin sem eru til staðar út í héraði og leggi til fagleg viðmið í kjölfarið. Með samræmdri aðkomu hefur FRÍ trú á því að auðveldara verði en ella að innleiða þá þætti er m.a. tengjast upplýsti umræðu um gegnsæi og rekjanleika í vinnuferlum innan hreyfingarinnar s.s. störf siðanefnda, meðhöndlun upplýsinga úr sakaskrá eða meðmæla.

FRÍ leggur mikla áherslu á að iðkendur geti haft skjól í embætti líkt og umboðsmanni. Meginhlutverk umboðsmanns iðkenda ætti að vera að vinna að bættum hag iðkenda og standa vörð um hagsmuni, þarfir

og réttindi þeirra. Vera til staðar fyrir iðkendur og koma málum þeirra í réttan farveg. Vera talsmaður iðkenda í þeim verkefnum sem hér er um rætt og útfærð sé upplýsinga- og viðtökugátt gátt fyrir iðkendur þar sem þeir geta látið vita um áreitni eða ofbeldi innan íþróttahreyfingarinnar.

Mikilvægt er að stjórnvöld, ríki og sveitarfélögin, í samvinnu við íþróttahreyfinguna skapi heildarramma í þessum efnum. Niðurstaða starfshópsins eru þannig leiðarlínur fyrir allt samfélagið enda íþróttahreyfingin órjúfanlegur hluti þess. FRÍ mun því hvetja aðildarfélög sín til að hefja strax umræðuna og hefja eftirfylgni í samræmi við hvatningu ÍSÍ, en um leið er mikilvægt að bíða eftir niðurstöðum starfshópsins og þeirra samræmdu skrefa sem ÍSÍ leggur til í kjölfarið.



**Þingskjal nr. 10.1: Metoo**

**Tillaga nefndar:** Allsherjarnefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt.

ÁLYKTUNARTILLAGA

61. Frjálsíþróttahing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, *skorar á ÍSÍ og UMFÍ að koma á fót umboðsmanni iðkenda eða sambærilegu embætti til að hugsa um hag íþróttafólks, þarfir þeirra, réttindi ofl.*

Greinargerð:

Í framhaldi af umræðu í kringum svokallaða #metoo byltingu, hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að skerpa enn frekar á verkferlum hvað varðar ýmislegt sem upp getur komið varðandi samskipti iðkenda við þjálfara, aðra iðkendur og starfsmenn hreyfingarinnar. Þrátt fyrir gott forvarnarstarf og útgáfu fræðsluefnis, innan íþróttahreyfingarinnar, hefur það sýnt sig að undanförmu að það er ekki nóg. Þess vegna er nauðsynlegt að fram fari heildar endurskoðun á þessum málum og skýrar reglur og verkferlar verði til í framhaldi af því. ÍSÍ og UMFÍ eru forystuafl íþróttahreyfingarinnar og réttast er að vinna þessi mál þaðan og niður á við í hreyfinguna. Það að hver og einn sé að vinna þetta í sínu horni, verður aldrei markvisst. Í mörgum minni félögum getur verið vandasamt að taka á málum þar sem nálægð, frændskapur og vinskapur er mikill. Því er nauðsynlegt að hægt sé að fara með svona mál til hlutlausra aðila til skoðunar og úrvinnslu.

**Þingskjal nr. 11:** Tillaga að breytingu á 17. grein laga sambandsins

**Flutningsaðili:** Breiðablik/UMSK

**Tillaga nefndar:** Allsherjarnefnd lagði til að tillagan væri samþykkt með lítillsháttar breytingu sem nefndin gerði.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 17. grein laga sambandsins

61. Frjálsþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingar á 17. grein laga sambandsins, Starfsskýrsla.

#### **Greinin er þannig nú:**

Formaður FRÍ boðar stjórnarfundum og stjórnar þeim.

Til þess að ákvarðanir í málum, sem stjórnin fjallar um séu gildar, þarf samþykki meirihluta stjórnarinnar á löglegum stjórnarfundum. Stjórnarfundur telst löglegur ef a.m.k. þrjú kjörnir stjórnar- eða varastjórnarmenn eru viðstaddir og allir stjórnarmenn hafa verið boðaðir á fundinn.

Fundi í stjórninni skal halda reglulega, samkvæmt ákvörðun formanns. Varastjórnarmenn skulu einnig boðaðir á fundi með sama hætti og taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra.

Auk þess skal kalla saman stjórnarfundum, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

Stjórn FRÍ getur sett sér nánari fundarskóp fyrir stjórnarfundum um ákvarðanatöku, boðun og stjórnun funda.

Fundargerðir og ákvarðanir stjórnar skal birta á heimasíðu FRÍ innan viku frá fundum.

#### **Greinin verði:**

Formaður FRÍ boðar stjórnarfundum og stjórnar þeim. **Formaður getur falið varaformanni eða framkvæmdastjóra að boða fundum.**

**Fundi stjórnar skal boða með minnst fjögurra daga fyrirvara og dagskrá liggja fyrir sólarhring fyrir fundum.**

**Heimilt er að taka mál fyrir á fundum þó það hafi ekki verið kynnt í dagskrá, enda sé meirihluti stjórnarmanna sammála því.**

Til þess að ákvarðanir í málum, sem stjórnin fjallar um séu gildar, þarf samþykki meirihluta stjórnarinnar á löglegum stjórnarfundum. Stjórnarfundur telst löglegur ef a.m.k. þrjú kjörnir stjórnar- eða varastjórnarmenn eru viðstaddir og allir stjórnarmenn hafa verið boðaðir á fundinn.

Fundi í stjórninni skal halda reglulega, samkvæmt ákvörðun formanns. Varastjórnarmenn skulu einnig boðaðir á fundum með sama hætti og taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra.

Auk þess skal kalla saman stjórnarfundum **eins fljótt og auðið er**, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

Stjórn FRÍ getur sett sér nánari fundarskóp fyrir stjórnarfundum um ákvarðanatöku, boðun og stjórnun funda.

Fundargerðir og ákvarðanir stjórnar skal birta á heimasíðu FRÍ innan viku frá fundum.

Greinargerð

Það sem hér er breytt er tekið úr reglugerð sambandsins nr. 51, um fundarsköp og vinnureglur stjórnar og nefnda.

Ein tillaga af fleiri sem byggja á að tillaga um að fella reglugerð númer 51 niður verði samþykkt. Uppistaðan í þeirri reglugerð er beint og orðrétt úr lögum sambandsins. Hvorki nauðsynlegt né skilvirkt að vera með sama texta á tveimur stöðum.

**Þingskjal nr. 12:** Tillaga að breytingu á 18. grein laga um nefndir FRÍ - Fækkun um tvö ungmenni í Unglinganefnd

**Flutningsaðili:** Unglinganefnd FRÍ

**Tillaga nefndar:** Allsherjarnefnd lagði til að tillagan væri samþykkt með breytingum sem nefndin gerði.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 18. gr. Lög um nefndir FRÍ

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á Lögum um nefndir FRÍ

Unglinganefnd leggur til að síðasta setningin í 3. málsgrein 18. greinar verði tekin út úr lögum um nefndir.

18. grein 3. málsgrein hljóði svo:

Stjórn FRÍ skipar tvo til fjóra nefndarmenn til viðbótar í samráði við formenn hlutaðeigandi nefnda.

Greinargerð

Við teljum ekki rétt að hafa íþróttamenn 22 ára og yngri sitjandi í nefnd þar sem verð er að ræða málefni sem snerta þau. Ástæða þess er sú að oft er verið að ræða viðkvæm mál t.d. við val á keppendum á mótum og þá oft um að ræða féлага viðkomandi nefndarmanns eða jafnvel hann sjálfan. Aðgengi að nefndinni hefur stórbatnað með facebook síðu og netfangi sem íþróttamenn, forráðamenn og þjálfarar hafa verið duglegir að nýta sér til að koma skoðunum sínum á framfæri eða koma með spurningar til nefndarinnar.

**Þingskjal nr. 13: Tillaga að breytingu á lögum FRÍ um Frjálsíþróttapening - Fulltrúafjöldi á FRÍ-þingum**

**Flutningsaðili:** ÍBR/ÍR

**Tillaga nefndar:** Allsherjarnefnd lagði til að tillagan væri samþykkt með breytingum sem nefndin gerði.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

**TILLAGA AÐ BREYTINGU Á  
Lögum FRÍ um Frjálsíþróttapening**

61. Frjálsíþróttapening, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að vísa til stjórnar að skipa milliþinganefnd sem skal skila tillögum um breytingu á lögum FRÍ um fulltrúafjölda aðildarfélaganna/héraðssambanda á þingum FRÍ.

Greinargerð

Það er tímabært að breyta því hvað ræður fulltrúafjölda á FRÍ þingum. Nú er eingöngu miðað við iðkenda fjölda þegar einnig ætti að taka tillit til virkrar starfsemi sambandsaðila, s.s. þátttöku í Meistaramótum og Bikarkeppnum, mótahaldi eða öðrum þáttum starfsins eins og nefndarstörfum. Með því að breyta þessu fyrirkomulagi og gefa virku aðildarfélagunum fleiri sæti og þar með meira vægi við ákvörðunartöku á þingum FRÍ nást fram skoðanir þeirra sem eru meira með fingurinn á púlsinum og þurfa mest að vinna úr þeim ákvörðunum sem þingið samþykkir hverju sinni.

Nú er kaflinn í lögum FRÍ svohljóðandi

**II. Kafli: Frjálsíþróttapening**

**5. gr. Valdsvið og fulltrúar**

Fulltrúafjöldi hvers íþróttahéraðs fer eftir tölu virkra frjálsíþróttaiðkenda, sbr. 3. mgr. 20. gr., þannig að fyrir allt að 50 iðkendur komi tveir fulltrúar og síðan einn fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200 og þá einn fyrir hvert heilt hundrað þar fram yfir. Íþróttabandalagið / héraðssambandið getur tekið sér einn fulltrúa af þeim fulltrúafjölda sem til héraðsins reiknast.

**Þingskjal nr. 14:** Tillaga um keppnisfyrirkomulag unglíngamóta endurskoðað  
**Flutningsaðili:** ÍBR/ÍR  
**Tillaga nefndar:** Allsherjarnefnd lagði til að tillagan væri samþykkt með breytingum sem nefndin gerði.  
**Niðurstaða þings:** Samþykkt

### **Áskorun vegna mótahalds**

61. Frjálsíþróttáping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir tillögu þess efnis að mótanefnd FRÍ fari í gagngera endurskoðun á niðurröðun móta með það að markmiði að fyrir liggi á hverjum tíma skipulag móta til þriggja ára.

Greinargerð

Mikilvægt að mótanefnd FRÍ fari í gagngera endurskoðun á niðurröðun móta þar sem þess er gætt að mótunum sé dreift yfir keppnistímabilið, innan- og utanhúss, til að álagið sé eðlilegt og stígandi yfir keppnistímabilið. Markmið með þessari tillögu er einnig að ná meiri langtímasýn og festu í mótahaldi.

**Þingskjal nr. 15:**      **Tillaga að stofnun landsliðs ungmenna**

**Flutningsaðili:**      Héraðssambandið Skarphéðinn

**Tillaga nefndar:**      Allsherjarnefnd lagði til að tillagan væri samþykkt með lítilsháttar breytingum sem nefndin gerði.

**Niðurstaða þings:**      Samþykkt.

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að hefja skoðun á stofnun landsliðs í unglingaflokkum, 15 - 19 ára og skapa þeim verkefni hér heima og erlendis.

Greinargerð

Lengi hefur verið valið í Úrvalshóp 15-19 ára hjá FRÍ. Helstu verkefni hópsins hafa verið æfingabúðir og samvera, innanlands. Í öðrum íþróttagreinum eru valin landslið í þessum aldri og þeim sköpuð verkefni erlendis. Þannig er það ekki hjá FRÍ og þau ein sem fá landsliðsverkefni eru þau allra bestu og oft mjög fámennur hópur. Að lágmarki verði um eitt verkefni landsliðs að ræða á ári. Verkefni erlendis gætu verið, landskeppnir, við einstök lönd eða félög osfrv. Umræða um þessi mál hefur fram til þessa alltaf verið drepin með þeim rökum að ekki sé til fjármagn hjá FRÍ til að halda þessu úti. Við vitum það að hjá öðrum samböndum er þessum liðum meira og minna haldið uppi fjárhagslega af einstaklingum eða félögum þess, sjálfum. Viðurkennt er að á þessum aldri er oft mesta hættan á brottfalli úr íþróttinni. Það að eiga möguleika á að geta komist í landslið og til keppni erlendis mun án efa hvetja til frekar þátttöku og æfinga á þessum aldri.

**Þingskjal nr. 16: Tillaga að breytingu á reglugerð um Meistaramót Íslands**

**Flutningsaðili:** Stjórn FRÍ

**Tillaga nefndar:** Tillaga borin upp samhliða tillögum nr. 52 og 53 og samþykkt samhljóða að vísa þeim til afgreiðslu hjá stjórn FRÍ.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt.

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á Reglugerð um Meistaramót Íslands

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð nr 30 um Meistaramót Íslands og númer 33 um Meistaramót í Víðavangshlaupum

Liður 2.2.6 sem opnar fyrir keppni íþróttamanna utan ÍSÍ og FRÍ verði felldur niður í heild sinni.

Niðurfelldur kafli hljóðar svo:

„Þátttaka á Meistaramótum öldunga skal einnig vera opin einstaklingum sem ekki eru skráðir í íþróttafélög innan ÍSÍ. Skulu þessir þátttakendur greiða þátttökugjöld. Einnig skulu lið þessara keppenda vera gjaldgeng til stigaverðlauna eins og lið annarra þátttakenda.“

Þá verði 3. grein í reglugerð 33 um Meistaramót í víðavangshlaupi felld úr gildi, en sú inniheldur sömu meiningu og hljóðar svo:

„Þátttaka í hlaupinu er öllum opin, hvort sem þeir eru skráðir í íþróttafélög innan ÍSÍ eða ekki.“



Laganefnd

Ásbjörn Karlsson formaður laganefndar gerði grein fyrir tillögum sem nefndin hafði haft til umfjöllunar.

**Þingskjal nr. 17:**      **Tillaga að breytingu á lögum sambandsins - stafsetning**

**Flutningsaðili:**      Stjórn FRÍ

**Tillaga nefndar:**      Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:**      Samþykkt

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á lögum sambandsins

61. Frjálsíþróttahing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að við yfirferð á lögum sambandsins sé tryggt að samræmi sé á stafsetningu orðins Frjálsíþróttahing og það sé ávallt ritað með stórum staf.

Greinargerð

Íslenskt já takk. Réttu ritun og samræmi þar um teljum við vera til bóta.

**Pingskjal nr. 18:** Tillaga að breytingu á 2. grein laga sambandsins - sambandsaðild, stytur texti

**Flutningsaðili:** Stjórn FRÍ

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt, með breytingum sem fram komu á nefndarfundum. Nýr texti feitletraður

**Niðurstaða þings:** Samþykkt, með breytingum laganefndar

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 2. grein laga sambandsins

61. Frjálsíþróttahing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á 2. grein laga sambandsins.

### **Greinin hljóði svo:**

FRÍ er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga innan ÍSÍ **sem hafa iðkun frjálsíþróttar á stefnuskrá sinni.**

### **Hljóðar þannig nú:**

FRÍ er samband frjálsíþróttaráða héraðssambandanna / íþróttabandalaganna. Ef frjálsíþróttaráð er ekki innan íþróttahéraðs, getur héraðssambandið/ íþróttabandalagið verið aðili að FRÍ. Iðki aðeins eitt félag innan héraðssambands / íþróttabandalags frjálsíþróttir, getur það verið aðili að FRÍ, að fengnu formlegu samþykki stjórnar héraðssambandsins / íþróttabandalagsins. Ef héraðssamband er ekki til í íþróttahéraði og aðeins eitt frjálsíþróttafélag, getur stjórn FRÍ heimilað því að vera aðili að sambandinu. Séu íþróttafélögin tvö eða fleiri innan héraðs verða þau að mynda héraðssamband / íþróttabandalag til að öðlast aðildarrétt í FRÍ.

Greinargerð

Flutningsmaður telur styttinguna auka læsileika og engu rýra gildi greinarinnar.

**Þingskjal nr. 19:** Tillaga að breytingu á 3. grein laga sambandsins - Hlutverk og skyldur

**Flutningsaðili:** Stjórn FRÍ

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt með einni breytingu (feitlettrað) sem nefndin gerði.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt.

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

#### 3. grein laga sambandsins

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á 3. grein laga sambandsins.

#### Greinin hljóði svo:

Helstu hlutverk og skyldur FRÍ eru:

1. Að hafa yfirstjórn allra frjálsíþróttamála á Íslandi.
2. Að vinna að eflingu frjálsíþróttanna í landinu.
3. Að setja lög og reglugerðir í frjálsíþróttum sem og framfylgja þeim.
4. Að þjálfa og löggilda dómara, ráðstafa landsmótum, skrá afrek í frjálsíþróttum og staðfesta met.
5. Að vera fulltrúi íþróttagreinar sinnar á **alþjóðavísu** og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur.
6. Að vinna að framgangi heiðarlegrar keppni („Fair-Play“) í frjálsíþróttum í landinu.
7. Að vinna gegn ólöglegri notkun lyfja í frjálsíþróttum.
8. Að framfylgja markmiðum IAAF að öðru leyti.

Frjálsíþróttir eru (skv. IAAF): Frjálsíþróttavallargreinar (e. Track and field), götuhlaup, kappganga, víðavangshlaup, fjallahlaup (e. Mountain running) og utanvegahlaup (e. Trail running).

Greinargerð

Núverandi texti þriðju greinar ber með sér að við hann hafa verið spunnin orð þannig að nú er greinin hvorki hnitmiðuð eða skýr. Þessu er nú breytt m.a. Með því að taka aftur fyrir skilgreining á frjálsíþróttum. Þá er orðinu “Helstu” nú bætt framan við, til að takmarka ekki með lögum önnur hlutverk og skyldur.

Fellt út: „Að vinna að stofnun nýrra sérráða og efla á annan hátt viðkomandi sérgrein í landinu.“ þar sem teljum annan tölulið ná yfir þetta.

**Þingskjal nr. 20: Tillaga að breytingu á 10. grein laga sambandsins -  
Uppstillingarnefnd kjörin á þingi**

**Flutningsaðili:** Stjórn FRÍ

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt með einni breytingu sem nefndin gerði.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt. Þingforseti minnti á að kjósa þarf nefnd á þingi.

**TILLAGA AÐ BREYTINGU Á  
10. grein laga sambandsins**

61. Frjálsíþróttabing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á 10. grein laga sambandsins.

Við 6. lið bætist í upptalningu yfir verkefni frjálsíþróttabings:  
“þriggja manna í uppstillingarnefnd FRÍ”

Greinargerð

Til þess að tryggja fullt og óskorað vald sem og sjálfstæði frá starfandi stjórn ætti uppstillingarnefnd að starfa milli þinga í umboði þings, frekar en skipuð af stjórn, líkt og nú er.

**Þingskjal nr. 21:** Tillaga að breytingu á 18. grein laga sambandsins - Mótanefnd og Mannvirkjanefnd

**Flutningsaðili:** Stjórn FRÍ

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu.

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 18. grein laga sambandsins

61. Frjálsíþróttahring, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á 18. grein laga sambandsins.

Móta- og mannvirkjanefnd hafa starfað sem ein nefnd á liðnu starfsári. Lagt er hér með til að lögum verði breytt þannig að nefndirnar starfi hvor fyrir sig líkt og áður var. Í stað orðanna, **móta- og mannvirkjanefnd** standi því **mótanefnd, mannvirkjanefnd**

Greinargerð

Fært til fyrra horfs.

**Þingskjal nr. 22:**      **Tillaga að niðurfellingu á 19. grein laga sambandsins - Verkefni fastanefnda**

**Flutningsaðili:**      Stjórn FRÍ

**Tillaga nefndar:**      Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:**      Samþykkt

### TILLAGA AÐ NIÐURFELLINGU Á **19. grein laga sambandsins**

61. Frjálsþróttáþing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að fella niður 19. grein laga sambandsins þar sem lýst er verkefnum fastanefnda.

Greinargerð

Verkefnalýsing fastanefnda má nú hvort tveggja finna í lögum og reglugerðum FRÍ. Réttara væri að verkefnin eigi sér aðeins stoð í reglugerðum. Með þeim rökum að þeim megi breyta örar eftir því sem áskorunum hagar fyrir nefndir.

**Þingskjal nr. 23:** Tillaga að breytingu á 21. grein laga sambandsins - sambandsaðilar og skýrsluskil

**Flutningsaðili:** Stjórn FRÍ

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt.

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 21. grein laga sambandsins

61. Frjálsíþróttabing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á 21. grein laga sambandsins.

### **Felldar verði niður önnur málsgrein úr 21. grein laga:**

“Aðilar skv. 1. mgr. skulu og senda stjórn FRÍ allar skýrslur um mót, sem haldin eru innan umdæmisins innan mánaðar frá því að móti lauk.”

Greinargerð

Á tækniöld þar sem úrslit móta eru skráð inn jafnóðum þá á þessi setning ekki lengur við.

**Þingskjal nr. 24:** Tillaga að nýrri lagagrein - útgáfa reglna og gildistaka

**Flutningsaðili:** Stjórn FRÍ

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt.

## TILLAGA AÐ NÝRRI LAGAGREIN

61. Frjálsíþróttáþing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að bæta við nýrri grein í lög sambandsins sem fylgi á eftir grein um verkefni og hlutverk stjórnar, nú 16. grein, sem hljóði svo:

**xx. gr.**

### **Reglugerðir**

Stjórn FRÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða. Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með rafrænum hætti og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar FRÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænum hætti og á heimasíðu FRÍ. Óski aðildarfélög eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar FRÍ. Greinargerð

Umboð stjórnar til setningar reglugerðar er til staðar í núverandi lögum. Hins vegar hefur venja skapast til að breyta reglugerðum helst aðeins á frjálsíþróttáþingum. Sú kvika veröld sem við lifum í í dag kallar á að æðsta vald FRÍ, sem milli þinga er stjórn FRÍ, geti lagt fram nýjar og eða uppfærðar reglugerðir, t.d. vegna breytinga í alþjóðlegu tækniumhverfi, sem og í samkeppnisumhverfi íþróttarinnar. Leggur því stjórn FRÍ til að þessari grein verði bætt við lög sambandsins til þess að taka af allan vafa um getu stjórnar til að uppfæra reglugerðir milli þinga og birta þær.

Ath. grein þessi er því sem næst samhljóða grein 18 úr lögum HSÍ.



**Pingskjal nr. 25:** Tillaga að breytingu á reglugerð um Bikarkeppni 15 ára og yngri  
**Flutningsaðili:** Stjórn FRÍ  
**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt með einni breytingu sem nefndin gerði.  
**Niðurstaða þings:** Samþykkt.

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á Reglugerð um Bikarkeppni 15 ára og yngri

61. Frjálsíþróttahósti, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð nr 32.3 og 32.4 um Bikarkeppni 15 ára og yngri innan og utanhúss.

Við grein 5 í báðum reglugerðum (32.3 og 32.4) bætist eftirfarandi við:

„Engin einstaklingsverðlaun eru veitt, en hver þátttakandi í sigurliði hlýtur sérstaka viðurkenningu.”

Við grein 2 í báðum fyrrgreindum reglugerðum bætist við eftirfarandi:

„Listi með nöfnum keppenda og ekki fleiri en 8 varamönnum skal lagður fram **áður en** skráningarfresti lýkur. Nafnbreytingar skal leggja fram fyrir upphaf **keppnisgreinar.**”

Greinargerð

Samsvarandi kafla má finna í reglugerð bikarkeppni fullorðinna, innan og utanhúss, en hefur ekki verið í reglugerðum bikarkeppni 15 ára og yngri til þessa. Viðbótin tekur af allan vafa.

- Pingskjal nr. 26:** Tillaga að breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, aðalhluti
- Flutningsaðili:** Stjórn FRÍ
- Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt með einni breytingu sem nefndin gerði.
- Niðurstaða þings:** Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu, eftir nokkrar umræður.

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á Reglugerð um Meistaramót Íslands, aðalhluti

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir eftirfarandi breytingar á Reglugerðum um Meistaramót Íslands, innan sem utanhúss

1. Stjórn FRÍ er heimilt að leyfa að mótið fari fram á þremur samliggjandi dögum.
2. Keppni í einni grein öldunga verði felld út úr keppnisdagskrá mótsins.
- 3. Töluliður 3.5 Stigakeppni á Meistaramóti Íslands verði út frá fjölda verðlauna, þannig að 1. sæti gefi 3 stig, annað sæti gefi 2 stig og þriðja sæti gefið 1 stig. Ef jafnt er þá, skal úrskurða um sigurvegara eftir fjölda gullverðlauna, ef enn jafnt, eru silfurverðlaun skoðuð, o.s.frv.**

#### Greinargerð

Ef auka á athygli og áhuga á keppni í frjálsíþróttum er mikilvægt að geta skerpt á keppninni þannig að aðal úrslitakeppnin njóti sín. Þar gæti þurft að færa hluta keppni í erfiðari greinum s.s. 400m á þriðja (þó þann fyrsta) keppnisdag.

Til að þetta mótið ætti að fella út keppni í grein öldunga. Ekki fæst séð að sú breyting hafi gert mikið, hvorki fyrir öldunga né tilvonandi Íslandsmeistara.

Þriðji liður hjálpar við að færa athyglina á aðal atriðið, sem eru sjálfir Íslandsmeistaratitlarnir!

**Þingskjal nr. 27:** Tillaga að breytingu á 14. grein laga sambandsins - fjölrítun út, stafrænt inn

**Flutningsaðili:** Breiðablik/UMSK

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 14. grein laga sambandsins

61. Frjálsíþróttabíng, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á 14. grein laga sambandsins, Starfsskýrsla

#### **Greinin er þannig nú:**

Starfsskýrsla frá síðasta Frjálsíþróttabíngi, sem stjórnin skal leggja *fjölrítaða* fyrir þíngið, svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum FRÍ innan mánaðar frá þingslitum.

#### **Greinin verði:**

Stjórn skal leggja starfsskýrslu fyrir Frjálsíþróttabíng.

Innan mánaðar frá þingslitum skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum FRÍ starfsskýrslu stjórnar og ágríp af fundargerðum þingsins.

Greinargerð

Breytingin er aðlögun að starfsháttum, leyfir stjórn að ákveða rafræna birtingu einvörðungu.

**Pingskjal nr. 28: Tillaga að breytingu á 15. grein laga sambandsins - fært úr niðurfelldri reglugerð, atriði til skýringar**

**Flutningsaðili:** Breiðablik/UMSK

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

**TILLAGA AÐ BREYTINGU Á**

**15. grein laga sambandsins**

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingar á 15. grein laga sambandsins, Skipan stjórnar

**Greinin er þannig nú:**

Stjórn FRÍ skipa fimm manns sem kosnir eru á Frjálsíþróttapingi. Kjósa skal fimm varamenn og skulu þeir taka sæti í aðalstjórn í sömu röð og þeir eru kosnir.

Skipan og hlutverk stjórnar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður, sem kosinn er sérstaklega.
2. Aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum sem hér segir:
  - a) Varaformaður.
  - b) Ritari.
  - c) Gjaldkeri, sem jafnframt er formaður fjárhagsnefndar.
  - d) Meðstjórnandi.
3. Fimm varamenn.
4. Auk þess skulu íslenskir fulltrúar í stjórnnum IAAF / EAA eiga rétt til setu, með málfrelsi tillögu- og atkvæðarétti í stjórn FRÍ.
5. Heiðursformaður hefur seturétt á fundum stjórnar, með málfrelsi, en án atkvæðisréttar.

**Greinin verði:**

Stjórn FRÍ skipa fimm manns sem kosnir eru á Frjálsíþróttapingi. Kjósa skal fimm varamenn og skulu þeir taka sæti í aðalstjórn í sömu röð og þeir eru kosnir **eða bornir upp**.

Skipan og hlutverk stjórnar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður, sem kosinn er sérstaklega.

**Forfallist formaður varanlega, eða segi af sér, skal stjórnin koma sér saman um hver tekur við formannsembættinu fram að næsta þingi eða aukapingi.**
2. Aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum sem hér segir:
  - a) Varaformaður.
  - b) Ritari.
  - c) Gjaldkeri, sem jafnframt er formaður fjárhagsnefndar.
  - d) Meðstjórnandi.
3. Fimm varamenn.

4. Auk þess skulu íslenskir fulltrúar í stjórnnum IAAF / EAA eiga rétt til setu, með málfrelsi tillögu- og atkvæðarétti í stjórn FRÍ.
5. Heiðursformaður hefur seturétt á fundum stjórnar, með málfrelsi, en án atkvæðisréttar.

#### Greinargerð

Það sem hér er breytt er tekið úr reglugerð sambandsins nr. 51, um fundarsköp og vinnureglur stjórnar og nefnda.

Ein tillaga af fleiri sem byggja á að tillaga um að fella reglugerð númer 51 niður verði samþykkt.

Uppistaðan í þeirri reglugerð er beint og orðrétt úr lögum sambandsins. Hvorki nauðsynlegt né skilvirkt að vera með sama texta á tveimur stöðum.

Í þessari lagabreytingartillögu eru sett inn í lög ákvæði úr 51. Reglugerð, ákvæði sem flutningsmenn telja til bóta eða rétt að hafa með.

**Pingskjal nr. 29:** Tillaga að breytingu á 18. grein laga sambandsins - krafa á nefndir um fundargerðir

**Flutningsaðili:** Breiðablik/UMSK

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 18. grein laga sambandsins

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingar á 18. grein laga sambandsins, Nefndir FRÍ.

#### **Greinin er þannig nú:**

Eftirtaldar fastanefndir skulu starfa innan FRÍ: Dómaranefnd, fjárhagsnefnd, fræðslu- og útbeislunefnd, íþróttá- og afreksnefnd, íþróttamannanefnd, laganefnd, langhlaupanefnd, mótanefnd, mannvirkjanefnd, orðunefnd, skráningarnefnd, unglínganefnd og öldungaráð.

Formenn fastanefnda FRÍ skulu kosnir á Frjálsíþróttapíngi til tveggja ára í senn, nema fjárhagsnefndar, en gjaldkeri stjórnar er formaður hennar

Stjórn FRÍ skipar tvo til fjóra nefndarmenn til viðbótar í samráði við formenn hlutaðeigandi nefnda.

~~Í unglínganefnd skal skipa a.m.k. tvo einstaklinga 22 ára aldri undir~~

Formenn nefnda boða fundi og stýra þeim. Nefndir FRÍ eru stjórn FRÍ til ráðgjafar. Þær hafa ekki sérstakan fjárhag eða ákvörðunarvald eða geta skuldbundið sambandið fjárhagslega. Heimilt er þó að fela þeim ákveðna ábyrgð, sbr. 4. gr. og skal skilgreint í starfsreglum nefndanna hvernig skuli staðið að ákvarðantöku. Birta skal fundargerðir nefnda á heimasíðu FRÍ innan viku frá staðfestingu stjórnar. Stjórninni er heimilt að skipa aðrar nefndir til einstakra verkefna hverju sinni.

Starfstímabil fastanefnda og annara nefnda skal aldrei vera nema fram að næsta Frjálsíþróttapíngi.

Íþróttamannanefnd skal kosin af keppendum á Meistaramóti Íslands utanhúss í kjölfar Frjálsíþróttapíngs.

Hún skal skipuð fimm íþróttamönnum, a.m.k. tveimur af hvoru kyni. Starfstími hennar er tvö ár.

Formaður FRÍ, eða staðgengill hans, skal eiga seturétt, með málfrelsi, en án atkvæðisréttar, í öllum nefndum og ráðum á vegum sambandsins.

#### **Greinin verði:**

Eftirtaldar fastanefndir skulu starfa innan FRÍ: Dómaranefnd, fjárhagsnefnd, fræðslu- og útbeislunefnd, íþróttá- og afreksnefnd, íþróttamannanefnd, laganefnd, langhlaupanefnd, mótanefnd, mannvirkjanefnd, orðunefnd, skráningarnefnd, unglínganefnd og öldungaráð.

Formenn fastanefnda FRÍ skulu kosnir á Frjálsíþróttapíngi til tveggja ára í senn, nema fjárhagsnefndar, en gjaldkeri stjórnar er formaður hennar

Stjórn FRÍ skipar tvo til fjóra nefndarmenn til viðbótar í samráði við formenn hlutaðeigandi nefnda. Í unglínganefnd skal skipa a.m.k. tvo einstaklinga undir 22 ára aldri.

Formenn nefnda boða fundi og stýra þeim. Nefndir FRÍ eru stjórn FRÍ til ráðgjafar. Þær hafa ekki sérstakan fjárhag eða ákvörðunarvald eða geta skuldbundið sambandið fjárhagslega. Heimilt er þó að fela þeim ákveðna ábyrgð, sbr. 4. gr. og skal skilgreint í starfsreglum nefndanna hvernig skuli staðið að

ákvarðantöku. **Nefndir skulu senda fundargerðir sínar til staðfestingar á næsta fundi stjórnar FRÍ.**  
Birta skal fundargerðir nefnda á heimasíðu FRÍ innan viku frá staðfestingu stjórnar.  
Stjórninni er heimilt að skipa aðrar nefndir til einstakra verkefna hverju sinni.

Starfstímabil fastanefnda og annara nefnda skal aldrei vera nema fram að næsta Frjálsíþróttþingi.  
Íþróttamannanefnd skal kosin af keppendum á Meistaramóti Íslands utanhúss í kjölfar Frjálsíþróttþings.  
Hún skal skipuð fimm íþróttamönnum, a.m.k. tveimur af hvoru kyni.  
Formaður FRÍ, eða staðgengill hans, skal eiga seturétt, með málfrelsi, en án atkvæðisréttar, í öllum nefndum og ráðum á vegum sambandsins.

#### Greinargerð

Það sem hér er breytt er tekið úr reglugerð sambandsins nr. 51, um fundarsköp og vinnureglur stjórnar og nefnda.

Ein tillaga af fleiri sem byggja á að tillaga um að fella reglugerð númer 51 niður verði samþykkt.

Uppistaðan í þeirri reglugerð er beint og orðrétt úr lögum sambandsins. Hvorki nauðsynlegt né skilvirkt að vera með sama texta á tveimur stöðum.

Í þessari lagabreytingartillögu eru sett inn í lög ákvæði úr áður nefndri reglugerð númer 51, ákvæði sem flutningsmenn telja til bóta eða rétt að hafa með.

**Þingskjal nr. 30:**    **Áskorun vegna Unglingameistaramóts Íslands**  
**Flutningsaðili:**    ÍBR/ÍR  
**Tillaga nefndar:**   Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.  
**Niðurstaða þings:**   Samþykkt

### **Áskorun vegna Unglingameistaramóts Íslands**

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir áskorun þess efnis að tímaseðli mótsins, innan- og utanhúss, verði breytt á þann hátt að keppni í stangarstökki verði skipt upp þannig að annað kynið stökkvi á fyrri degi og hitt kynið á seinni degi.

#### Greinargerð

Mikilvægt er að keppendur fái nægan tíma til upphitunar fyrir keppnisgrein sína. Sá tímaseðill sem nú er í gildi á MÍ 15-22 ára gerir ráð fyrir að bæði kyn og allir aldursflokkar keppi í stangarstökki á einum og sama deginum sem gerir það að verkum að ekki er tími fyrir fullnægjandi upphitun á keppnissvæði sem þyrfti að vera 40 mínútur svo vel sé. Með því að skipta keppninni upp milli kynjanna væri meiri tími til að framkvæma stangarstökk skeppnina sem og að bjóða keppendum upp á fullnægjandi upphitun.



**Pingskjal nr. 31: Tillaga að breytingu á 31. reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss. Nýr aldursflokkur karla.**

**Flutningsaðili:** Þorsteinn Magnússon f.h. Öldungaráðs FRÍ

**Tillaga nefndar:** Meirihluti lagnefndar lagði til að tillagan væri samþykkt óbreytt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt með öllum atkvæðum gegn einu.

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 31. Reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss.

61. Frjálsíþróttáþing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands innanhúss.

#### 1. grein

Í stað orðanna „35-39 ára“ í grein 2.2.3 komi „30-34 ára“.

#### 2. grein

Í stað orðanna „gr. 2.2.4“ í grein 4.1. komi „gr. 2.2.3 og 2.2.4“.

#### Greinargerð

Lagt er til að bætt verði við nýjum aldursflokki karla 30-34 ára á Meistaramót öldunga innanhúss. Í alþjóðlegum reglum er almennt miðað við að yngstu aldursflokkar öldunga, bæði í karla- og kvennaflokkum, séu fyrir keppendur á aldrinum 35-39 ára. Þrátt fyrir það hefur undanfarin ár verið keppt í aldursflokki kvenna 30-34 ára á öldungamótum hérlendis, en yngsti aldursflokkur karla verið 35-39 ára. Ástæða þessa mun vera sú að tilefni þótti til að stuðla að frekari þátttöku kvenna á þeim aldri á mótum.

Að mati flutningsmanns tillögunnar, sem undanfarin ár hefur gegnt formennsku í öldungaráði FRÍ, skýtur það skökku við og stríðir gegn sjónarmiðum um jafnrétti að mismunandi reglur gildi um lágmarksaldur kynjanna til þátttöku á öldungamótum. Í ljósi forsögu þess að yngsta aldursflokki kvenkyns öldunga var komið á fót, sem og þeirrar reynslu að konur á þeim aldri hafa í nokkrum mæli tekið þátt á öldungamótum undanfarin ár, þykir þó ekki rétt að fella þann aldursflokk niður. Til að jafna umrædd aldursmörk milli kynjanna þykir því fara betur á því að stofna nýjan aldursflokk fyrir karla á aldrinum 30-34 ára.

Jöfnun lágmarksaldurs til þátttöku á öldungamótum kann einnig að vera til þess fallin að einfalda notkun hugtaka um frjálsíþróttafólk sem náð hefur þeim aldri. Ljóst er að hugtakið „öldungur“ hugnast ekki öllum iðkendum og hefur nokkur umræða farið fram um það atriði í öldungaráði undanfarin misseri. Nái sú breyting sem hér er lögð til fram að ganga mætti ef til vill taka upp þann sið að ræða um „frjálsar

íþróttir 30 ára og eldri” eða eitthvað því um líkt í daglegu máli í stað þess að ræða um „frjálsar íþróttir öldunga”.

Í grein 4.1 í gildandi reglugerð um Meistaramót Íslands innanhúss eru talin upp þau frávík frá reglum IAAF sem gilda um mótið. Þar á meðal er vísað til þess ákvæðis sem nú gildir um aldursflokk kvenna 30-34 ára, það er greinar 2.2.4. Verði grein 2.2.3 breytt á þann veg að bætt verði við aldursflokki karla 30-34 ára felur það jafnframt í sér frávík frá reglum IAAF, sem vísa þarf til í grein 4.1. Síðari breytingin sem hér er lögð til varðar það að þeirri tilvísun verði bætt við.

**Þingskjal nr. 32: Tillaga að breytingu á 30. reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss. Nýr aldursflokkur karla.**

**Flutningsaðili:** Þorsteinn Magnússon f.h. öldungaráðs FRÍ  
**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.  
**Niðurstaða þings:** Samþykkt.

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 30. Reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss.

61. Frjálsíþróttáþing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss.

#### 1. grein

Í stað orðanna „35-39 ára” í grein 2.2.3 komi „30-34 ára”.

#### Greinargerð

Lagt er til að bætt verði við nýjum aldursflokki karla 30-34 ára á Meistaramót öldunga utanhúss. Í alþjóðlegum reglum er almennt miðað við að yngstu aldursflokkar öldunga, bæði í karla- og kvennaflokkum, séu fyrir keppendur á aldrinum 35-39 ára. Þrátt fyrir það hefur undanfarin ár verið keppt í aldursflokki kvenna 30-34 ára á öldungamótum héraendis, en yngsti aldursflokkur karla verið 35-39 ára. Ástæða þessa mun vera sú að tilefni þótti til að stuðla að frekari þátttöku kvenna á þeim aldri á mótum.

Að mati flutningsmanns tillögunnar, sem undanfarin ár hefur gegnt formennsku í öldungaráði FRÍ, skýtur það skökku við og stríðir gegn sjónarmiðum um jafnrétti að mismunandi reglur gildi um lágmarksaldur kynjanna til þátttöku á öldungamótum. Í ljósi forsögu þess að yngsta aldursflokki kvenkyns öldunga var komið á fót, sem og þeirrar reynslu að konur á þeim aldri hafa í nokkrum mæli tekið þátt á öldungamótum undanfarin ár, þykir þó ekki rétt að fella þann aldursflokk niður. Til að jafna umrædd aldursmörk milli kynjanna þykir því fara betur á því að stofna nýjan aldursflokk fyrir karla á aldrinum 30-34 ára.

Jöfnun lágmarksaldurs til þátttöku á öldungamótum kann einnig að vera til þess fallin að einfalda notkun hugtaka um frjálsíþróttafólk sem náð hefur þeim aldri. Ljóst er að hugtakið „öldungur” hugnast ekki öllum iðkendum og hefur nokkur umræða farið fram um það atriði í öldungaráði undanfarin misseri. Nái sú breyting sem hér er lögð til fram að ganga mætti ef til vill taka upp þann sið að ræða um „frjálsar íþróttir 30 ára og eldri” eða eitthvað því um líkt í daglegu máli í stað þess að ræða um „frjálsar íþróttir öldunga”.

**Þingskjal nr. 33:** Tillaga að breytingu á 51. reglugerð, grein 7, um stjórnun og skipulag nefnda  
**Flutningsaðili:** Unglinganefnd FRÍ  
**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt, með einni breytingu.  
**Niðurstaða þings:** Samþykkt

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 51. reglugerð grein 7, um stjórnun og skipulag nefnda

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á reglugerð um stjórnun og skipulag nefnda

#### 7.1 grein

Formenn fastanefnda FRÍ skulu kosnir á Frjálsíþróttapingi til tveggja ára í senn, nema fjárhagsnefndar, en gjaldkeri stjórnar er formaður hennar. Stjórn FRÍ skipar tvo til fjóra nefndarmenn til viðbótar í samráði við formenn hlutaðeigandi nefnda.

~~Í unglínganefnd skal skipa a.m.k. tvo einstaklinga undir 22 ára aldri, eitt foreldri/aðstandandi keppanda, ásamt einum stjórnarmanni sem er tengiliður við stjórn.~~

#### Greinargerð

Unglinganefnd leggur til að síðasta setningin í grein 7.1 verði tekin út úr reglugerð um stjórnun og skipulag nefnda í samræmi við lagabreytingu á 18. grein laga um nefndir FRÍ. Við teljum ekki rétt að hafa íþróttamenn 22 ára og yngri sitjandi í nefnd þar sem verð er að ræða málefni sem snerta þau. Ástæða þess er sú að oft er verið að ræða viðkvæm mál t.d. við val á keppendum á mótum og þá oft um að ræða félaga viðkomandi nefndarmanns eða jafnvel hann sjálfan. Aðgengi að nefndinni hefur stórbatnað með facebook síðu og netfangi sem íþróttamenn, forráðamenn og þjálfarar hafa verið duglegir að nýta sér til að koma skoðunum sínum á framfæri eða koma með spurningar til nefndarinnar. Þá er framkvæmdastjóri/íþróttastjóri FRÍ tengiliður unglínganefndar við stjórn FRÍ samkvæmt vinnuramma unglínganefndar sem samþykktur var af stjórn FRÍ í upphafi árs 2018.

**Þingskjal nr. 34:** Tillaga að breytingu á 21. reglugerð um umsóknir vegna mótahalds  
**Flutningsaðili:** Breiðablik/UMSK  
**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.  
**Niðurstaða þings:** Samþykkt

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 21. reglugerð um umsóknir vegna mótahalds

61. Frjálsíþróttatæping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á Reglugerð númer 21 um umsóknir vegna mótahalds.

#### 5. grein

**Ný málsgrein bætist við**, verður önnur málsgrein:

**Úrslit allra móta skal skrá í mótaforrit FRÍ.**

Greinargerð

Í reglugerð er ítarlega fjallað um skil á úrslitum móta til skráningarnefndar FRÍ.

Sú reglugerð er barn síns tíma, frá því áður en FRÍ kom sér upp forriti til skráningar á árangri.

Flutningsmenn telja að ekki þurfi annað en þessa einu setningu til að setja nægileg skilyrði um skráningu á árangri.

**Þingskjal nr. 35:** Tillaga að breytingu á 28. reglugerð FRÍ - úrelt reglugerð felld úr gildi

**Flutningsaðili:** Breiðablik/UMSK

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt.

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 28. reglugerð FRÍ

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að **fella niður reglugerð númer 28**, um skráningu og tilkynningu úrslita.

Greinargerð

Reglugerð númer 28 er barn síns tíma, þess tíma er penni, pappír, umslög og frímerki voru leiðin til að koma upplýsingum eins og úrslitum móta til skila til FRÍ.

Öll ákvæði reglugerðarinnar eru nú felld inn í mótaforrit FRÍ.

Í stað reglugerðarinnar er önnur tillaga um breytingu á reglugerð númer 21, þar sem kveðið er á um að öll úrslit móta skuli skráð í mótaforrit FRÍ.

**Þingskjal nr. 36:** Tillaga að breytingu á 30. reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss

**Flutningsaðili:** Breiðablik/UMSK

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt.

#### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

#### **Reglugerð nr. 30 um Meistaramót Íslands, utanhúss**

61. Frjálsíþróttapening, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss.

#### **greinar 2.3.2.7 og 2.4.2.9**

Við báðar greinar bætist setningin:

**Í öðrum greinum er ekki heimilt að keppa nema í sínum aldursflokki.**

Greinargerð

Minnst árlega er rætt um heimildir til að keppa uppfyrir sig í greinum sem ekki standa til boða í aldursflokki viðkomandi. Hér er lögð til leið til að enda þessar umræður.

**Pingskjal nr. 37:** Tillaga að breytingu á 30. reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss

**Flutningsaðili:** Breiðablik/UMSK

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt.

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 30. reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss

#### 2.4 Meistaramót Íslands 11-14 ára

Við grein 2.4.1 bætist setningin:

**Þó er stjórn FRÍ heimilt að leyfa að mótið fari fram á þremur samliggjandi dögum.**

Greinargerð

Markmið breytingatillögunnar er að gefa þeim mótshöldurum sem vilja tækifæri til að gera þetta mót að frjálsíþróttahátíð sumarsins. Vilja hafa dagskrá “utan vallar” fyrir keppendur og fylgdarlið þeirra. T.d. kvöldvökur, sameiginlegt borðhald og/eða annað skemmtilegt. Með því að hafa mótið þriggja daga verður auðveldara að koma slíku fyrir, tækifæri sem eru næsta fá með tveggja daga móti.



**Pingskjal nr. 38:** Tillaga að breytingu á reglugerð 30. Meistaramót Íslands, utanhúss.

**Flutningsaðili:** Breiðablik/UMSK

Samþykkt samhljóða að fella þessa tillögu út, þar sem tekið er á málinu nú á öðrum stað.

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 30. reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss

61. Frjálsíþróttáþing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á reglugerð nr. 30. um Meistaramót Íslands, utanhúss

#### 3.5 Stigakeppni á Meistaramóti Íslands

Síðasta setning greinar 3.5 verði:

Stigakeppnin nær ~~aðeins~~ til MÍ aðalhluta ~~og MÍ í fjölþrautum~~, ekki annarra hluta Meistaramótsins.

Greinargerð

Núverandi fyrirkomulag miðast við að Meistaramót í fjölþrautum sé haldið á undan aðalhluta. Sem ekki er alltaf tilfallið. Því telja flytjendur rétt að kippa fjölþrautinni út úr stigatalningunni.

**Þingskjal nr. 39:** Tillaga að breytingu á reglugerð nr. 30, um Meistaramót Íslands, utanhúss

**Flutningsaðili:** Breiðablik/UMSK

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á Reglugerð nr. 30, um Meistaramót Íslands utanhúss

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir neðangreinda breytingu á reglugerð um Meistaramót Íslands í fjölþrautum utanhúss:

#### Í reglugerð númer 30, kafla um Meistaramót Íslands í fjölþrautum, komi ný grein sem fengi númerið 2.1.3.4:

Nota má sérstaka röð keppnisgreina í tugþraut 16-17 ára og 18-19 ára karla, annan hópinn eða báða, ef búast má við að erfitt verði að framkvæma stangarstökk skeppni mótsins á einum degi.

Þegar þessi heimild er nýtt verður röð greina þessi:

##### Fyrri dagur:

- 110 m grindahlaup
- Kringlukast
- Stangarstökk
- Spjót kast
- 400 m hlaup

##### Síðari dagur:

- 100 m hlaup
- Langstökk
- Kúluvarp
- Hástökk
- 1500 m hlaup

Þrátt fyrir þessa heimild er mælt til að hún sé aðeins notuð af brýnni þörf.

Mótshaldari skal með minnst fjögurra daga fyrirvara upplýsa alla hlutaðeigandi um hvort þessi heimild verður nýtt eður ei.

#### Greinargerð

Keppni í stangarstökki er ástæða þessarar tillögu. Þegar keppendur í tugþraut eru margir, þá getur stangarstökkið sett mótið úr skorðum vegna tíma sem keppnin tekur. Þessu má bregðast við á tvennan hátt. Annars vegar að setja skilyrði um að keppni getið farið fram á tveimur stöðum samtímis. Hins vegar að breyta röð keppnisgreina eins og hér er lagt til.

Fyrirmynd að breytingunni má t.d. finna í norrænu reglugerðinni um fjölþraut ungmenna. Sambærileg tillaga er flutt um breytingu á tugþrautarkeppni utanhúss.

**Þingskjal nr. 40:** Tillaga að breytingu á 31. reglugerð. Meistaramót Íslands, innanhúss  
**Flutningsaðili:** ÍBH - frjálsíþróttadeild FH  
**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt  
**Niðurstaða þings:** Samþykkt

#### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

#### **Reglugerð 31. Meistaramót Íslands, innanhúss**

61. Frjálsíþróttapening, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands innanhúss

#### **31. reglugerð um Meistaramót Íslands innanhúss**

##### 2.1.1.3 grein- ný grein

Bein úrslit skulu vera í hlaupum 200 m og lengri. Raða skal í riðla eftir besta árangri, sem náð er innan 6 mánaða frá dagsetningu mótsins.

Aðrar greinar færast niður, ef þessi grein er samþykkt.

#### Greinargerð

Engar skýrar reglur eru með riðla og úrslit í hlaupum á meistaramótinu, í dag eru undanrásir í 200 m hlaupum og síðan úrslitahlaup, með 9 bestu tímunum. Í raun er ekkert um þessa tilhögun í reglugerð um meistaramótið. Ég legg til að undanrásur sé sleppt og bein úrslit verði í þessu hlaupi, eins og er í t.d. 400 m hlaupi. Nóg álag er samt á íþróttamönnum á þessu móti .

**Pingskjal nr. 41:** Tillaga að breytingu á 31. reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss

**Flutningsaðili:** Breiðablik/UMSK

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt, með einni breytingu sem nefndin gerði.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt með breytingu nefndarinnar.

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 31. reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss.

Grein 2.4.2.7 hljóðar þannig nú:

Í boðhlaupum mega einstaklingar keppa í eldri flokkum, ef þeir keppa ekki í boðhlaupum í sínum flokki. Mælt er til þess að keppendur á fyrsta spretti hlaupi aðeins á aðskildum brautum í fyrstu beygju.

Lagt er til að greinin verði þannig:

Í boðhlaupum **eingöngu** mega einstaklingar keppa í eldri flokkum, ef þeir keppa ekki í boðhlaupum í sínum flokki. Keppendur á fyrsta spretti hlaupa aðeins á aðskildum brautum í fyrstu beygju.

Greinargerð

Árlega er um það rætt hvort þessi undantekning um aldur og boðhlaup eigi einungis við um boðhlaup eða fleiri greinar. Þessi tillaga er tilraun til að eyða óvissu þar um.

**Pingskjal nr. 42:** Tillaga að breytingu á 31. reglugerð um Unglingameistaramót Íslands, innanhúss

**Flutningsaðili:** ÍBR/ÍR

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 31. reglugerð um Unglingameistaramót Íslands, innanhúss

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á Lögum um Meistaramót Íslands innanhúss í flokki 15-22 ára að keppt verði í 300m og 600m hlaupi í flokki 15 ára og 200m og 800m hlaup verði felld út.

#### 31.2.3

##### 2.6. grein

Keppnisgreinar: Pilta- og stúlknaflókkar 15 ára: 60 m hlaup, 60 m grindahlaup, 300 m hlaup, 600 m hlaup, 1500 m hlaup, hástökk, langstökk, þristökk, stangarstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

#### Greinargerð

Lítill munur er á milli 200m og 300m sem keppt er í í dag og því er óþarfi að hafa báðar keppnisgreinar. Einnig væri æskilegt að hafa 600m í stað 800m. Báðar þessar breytingar miða að því að reglur eða framkvæmd á Íslandi verði í takt við það sem gert er á norðurlöndunum.

**Þingskjal nr. 43:** Tillaga að breytingu á 31. reglugerð um Meistaramót Íslands, aðalhluta, innanhúss

**Flutningsaðili:** ÍBR/ÍR

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt, með breytingum sem nefndin hafði gert.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 31. reglugerð um Meistaramót Íslands, aðalhluta, innanhúss

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á reglugerð um Meistaramót Íslands aðahluta innanhúss þannig að sléttutöluár sé keppt í 4 x 200m boðhlaupi 4 x 400m boðhlaupi á oddatöluárum.

#### 31.2.

##### 1.1.2. grein

Karlar: 60 m grindahlaup, 200 m hlaup, 800 m hlaup, 3000 m hlaup, langstökk, hástökk, 4x200 m boðhlaup (sléttutöluár) / 4 x 400 m boðhlaup (oddatöluár).

Konur: 60 m grindahlaup, 200 m hlaup, 800 m hlaup, 3000 m hlaup, langstökk, stangarstökk, kúluvarp, 4x200 m boðhlaup (sléttutöluár) / 4 x 400 m boðhlaup (oddatöluár).

Greinargerð

Keppni í 4 x 400m boðhlaupi innanhúss í fullorðinsflokki hefur nánast lagst af sem er miður.

Með því að setja 4 x 400m boðhlaup inn til skiptis á móti 4 x 200m er fyrrnefnda boðhlaupinu haldið til haga sem keppnisgrein innanhúss á Íslandi. Undanfarin ár hefur verið tíðrætt um möguleika Íslands í keppni í 4 x 400m boðhlaupi á alþjóðavettvangi en á sama tíma hafa ekki verið sköpuð tækfæri fyrir slíka keppni.

**Pingskjal nr. 44: Tillaga að breytingu á 31. reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss. Endurröðun í þraut.**

**Flutningsaðili:** Breiðablik/UMSK

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 31. reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir neðangreinda breytingu á reglugerð um Meistaramót Íslands í fjölþrautum innanhúss:

#### **Í reglugerð númer 31, kafla um Meistaramót Íslands í fjölþrautum, komi ný grein sem fengi númerið 2.1.2.5:**

Nota má sérstaka röð keppnisgreina í sjöþraut 16-17 ára og 18-19 ára karla, annan aldurshópin eða báða, ef búast má við að erfitt verði að framkvæma stangarstökk skeppni mótsins á einum degi.

Þegar þessi heimild er nýtt verður röð greina þessi:

##### **Fyrri dagur:**

60 m grindahlaup  
Stangarstökk  
Kúluvarp  
Langstökk

##### **Síðari dagur:**

60 m hlaup  
Hástökk  
1000 m hlaup

Þrátt fyrir þessa heimild er mælt til að hún sé aðeins notuð af brýnni þörf.

Mótshaldari skal með minnst fjögurra daga fyrirvara upplýsa alla hlutaðeigandi um hvort þessi heimild verður nýtt eður ei.

#### **Greinargerð**

Keppni í stangarstökki er ástæða þessarar tillögu. Þegar keppendur í tugþraut eru margir, þá getur stangarstökkið sett mótið úr skorðum vegna tíma sem keppnin tekur. Þessu má bregðast við á tvennan hátt. Annars vegar að setja skilyrði um að keppni getið farið fram á tveimur stöðum samtímis. Hins vegar að breyta röð keppnisgreina eins og hér er lagt til.

Fyrirmynd að breytingunni má t.d. finna í norrænu reglugerðinni um fjölþraut ungmenna.

Sambærileg tillaga er flutt um breytingu á tugþrautarkeppni utanhúss.



**Þingskjal nr. 45:**      **Tillaga að breytingu á 51. reglugerð FRÍ - fundarsköp**

**Flutningsaðili:**      Breiðablik/UMSK

**Tillaga nefndar:**      Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt með breytingu (sjá feitletrun)

**Niðurstaða þings:**      Samþykkt

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### **51. reglugerð FRÍ**

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að fella niður **kafla 1-5** í reglugerð númer 51 um fundarsköp og vinnureglur stjórnar og nefnda.

Greinargerð

Uppistaða í reglugerð númer 51 er texti, nákvæmlega samhljóða lögum FRÍ.

Flutningsmenn telja óþarfa að vera með sama texta í tveimur skjölum er bæði lúta að starfi stjórnar og nefnda sambandsins.

Undanfari þessarar tillögu eru tillögur um breytingar á 15., 17. og 18. grein laga sambandsins. Með þeim breytingum er skilað inn í lögina því sem helst skilur á milli reglugerðar númer 51 og lagatextans eins og hann er nú.

**Pingskjal nr. 46:** Tillaga að nýrri reglugerð - reglugerð um götuhlaup

**Flutningsaðili:** Langhlaupanefnd FRÍ

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að þessi tillaga væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

## TILLAGA AÐ NÝRRI REGLUGERÐ

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að bæta við nýrri grein í reglugerð sambandsins sem fjallar um reglur við framkvæmd götuhlaupa á Íslandi.

### 34. reglugerð um Meistaramót Íslands í götuhlaupum

#### 1. Inngangur

Reglur þær og leiðbeiningar sem hér fara á eftir lýsa þeim kröfum sem FRÍ gerir til framkvæmdar Meistaramóta Íslands í götuhlaupum. Keppt er í 5 km, 10 km, hálfu maraþoni og heilu maraþoni og gilda sömu reglur um alla viðburðina. FRÍ úthlutar framkvæmd þessara hlaupa til valinna hlaupahaldara skv. grein 22.1.3 og leggur til dómara og eftirlitsaðila með framkvæmd hlaupsins skv. sömu grein og grein 29 um hlutverk þessara aðila. Aðildarfélag FRÍ geta sótt um að úrslit götuhlaupa á þeirra vegum sem framkvæmd eru skv. þessum reglum og undir eftirliti dómara og eftirlitsaðila FRÍ geta fengið úrslitin skráð í Afrekaskrá FRÍ.

#### 2. Skráning

Í skráningu skal koma fram fullt nafn, kyn, fæðingarár eða kennitala, ríkisfang og nafn aðildafélags FRÍ. Hlaupahaldari skal bjóða upp á forskráningu á netinu svo hann geti betur gert sér grein fyrir væntanlegum fjölda hlaupara í hlaupinu og gert ráðstafanir með tilliti til öryggis og framkvæmdar hlaupsins í því samhengi.

Virða skal eftirfarandi aldurstakmörk: Maraþon, 42,2 km, er ætlað hlaupurum 18 ára og eldri. Hálf maraþon, 21,1 km, er ætlað hlaupurum 15 ára og eldri. Þeir sem keppa í 10 km götuhlaupi þurfa að hafa náð 12 ára aldri. Engin aldurstakmörk eru í 5 km götuhlaup. Aldurstakmörk miðast við almanaksárið, þegar hlauparinn nær hinum tiltekna aldri.

Allir meðlimir aðildarfélaga FRÍ sem skrá sig í hlaup sem jafnframt er Meistaramót FRÍ eru sjálfkrafa skráðir þátttakendur í Íslandsmeistaramótinu og eingöngu þeir geta gert tilkall til Íslandsmeistaratitils. Í almennum upplýsingum um hlaupið skal að minnsta kosti koma fram eftirfarandi: Reglur hlaupsins, upplýsingar um hlaupahaldara og ábyrgðarmann, dagsetningu hlaups, tímasetningu, heimilisfang ábyrgðaraðila, vegalengd(ir), lýsingu og kort af hlaupaleið með staðsetningu drykkjarstöðva, hæðarkort, þjónusta, staðsetningu hlaupanúmers og tímatökufloðu, birtingu úrslita, skráningarferli þátttöku, þátttökugjald, upplýsingar um verðlaun og keppnisflokka, upplýsingar um aðstöðu í rás- og endamarki (salerni, fatahengi, upphitunarsvæði, o.svo.frv.), upplýsingar er varða samgöngur á rásstað og bílastæði.

### 3. Ábyrgð hlaupara

Allir hlauparar eru á eigin ábyrgð í viðkomandi hlaupi, börn eru á ábyrgð foreldra. Þeim er skylt að kynna sér til hlítar þær reglur sem gilda um hlaupið. Hlauparar skulu kynna sér almenn atriði er varða hlaupið svo sem, hlaupaleið, rástíma, tímatakörk, drykkjarstöðvar, hraðahólf o.sv.fr.. Hlaupara er skylt að hafa keppnisnúmer sýnilegt að framan og fyrir ofan mittishæð allt hlaupið.

Hlaupari ber ábyrgð á tímatökufloğunni sem hann fær úthlutað og að fylgja leiðbeiningum um staðsetningu hennar. Hver hlaupari má eingöngu hafa eina flögu í hlaupinu og skal hún vera skráð á hans nafn.

### 4. Tímataka

Taka skal tíma á hlaupurum og vinna úrslit með IAAF viðurkenndum búnaði og aðferð. Tími verður að vera stopptími til að teljast löglegur. Lokatími hlaupara (official time) er brúttó tími (byssutími), þ.e. frá því að hlaup er ræst þar til hlaupari fer yfir marklínuna. Hlaupahaldara er heimilt að styðjast við flögutíma og gefa upp úrslit með þeim hætti. Tími sem tekinn er með flögutímatöku má færa til afreksskrár.

Byssutími er sá tími sem telst til úrslita t.d. í Meistaramótum FRÍ. Röð hlaupara í mark (official time) skal ráða um stöðu hvers og eins í hlaupinu, s.s. í einstökum aldursflokkum.

Hlaupahaldari skal jafnframt setja upp myndbandsbúnað af marki til að styðjast við ef annar tímatökubúnaður bilar (eða álíka varabúnað). Ef hlaupahaldari notast við flögur til tímatöku skal hann ganga úr skugga um að sá búnaður virki eðlilega áður en hlaup er ræst.

### 5. Úrslit

Birta skal úrslit eins fljótt og auðið er. Í Meistaramótum FRÍ skal birta staðfest endanleg úrslit innan sjö daga frá hlaupi. Hlaupahaldari ber ábyrgð á því að koma úrslitum til FRÍ. Úrslit skulu vera öllum opinber og hlauparar eiga að geta nálgast þau án aukakostnaðar. Tími skal birtur í klukkustundum, mínútum og sekúndum. Aðgreina skal þessa flokka með tvípunkti.

Árangur í Meistaramótum FRÍ er skráður í Afrekaskrá FRÍ að því gefnu að framkvæmd hlaupsins hafi verið í samræmi við reglur þessar að mati dómara hlaupsins. Framkvæmdaraðili hlaups er sjálfur ábyrgur fyrir að senda FRÍ úrslit sem eiga erindi inn í Afrekaskrá FRÍ. Úrslit skulu send á því sniði sem FRÍ tilgreinir hverju sinni og innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar: Skýrslu dómara um framkvæmd hlaupsins, nafn þátttakenda, félag, árgangur, kyn, ríkisfang og brúttótími.

### 6. Hlaupaleiðin

1. Hlaupaleið skal uppfylla kröfur IAAF og FRÍ um viðurkennda hlaupaleið.
2. Hlaupaleiðin skal mæld af mælingamönnum sem hafa í gildi viðurkennt leyfi til að mæla á vegum FRÍ.
3. Mælingamenn eiga að gefa út mælingarskýrslu sem tilgreinir m.a. hvernig hlaupaleiðin er mæld og skal hlaupaleiðin sett og merkt út eftir því. Í skýrslunni skal jafnframt koma fram hvar skal hlaupið og hversu stór hluti götu, akreinar og/eða gangstígs heimilt er að hlaupa á. Ef þörf er á keilum, girðingum og/eða borðum þá skal það tilgreint í skýrslunni. Allar útskýringar í skýrslunni verða í textalýsingu og studdar með myndum þar sem ýtarefni er nauðsynlegt. Mælingaskýrslan skal tilgreina nákvæmlega hvaða hlaupaleið skal hlaupið.

4. Hlaupahaldarar skulu tryggja að hlaupaleiðin sé í hvítvetna lögð og merkt samkvæmt útgefni mælingaskýrslu.
5. Allar götumerkingar skulu vera umhverfisvænar.
6. Hlaupaleiðin skal að vera vel merkt með merkjaborðum, keilum, skiltum og vegvísingum ef nauðsynlegt er, þannig að það sé enginn vafi á hvaða leið hlauparar eigi að fara
7. Undirlag skal vera malbikað eða steipt (made-up road). Upphaf og endir hlaups má vera á íþróttaleikvangi.
8. Ávallt skal leitast við að velja hlaupaleiðina með tilliti til öryggis þátttakenda í huga. Þannig skal til að mynda leitast við að loka hlaupaleiðinni fyrir annarri umferð að eins miklu leyti og hægt er, í samráði við viðeigandi yfirvöld.
9. Rásmark og endamark skulu vel merkt og ekki lengra frá hvort öðru en 50% af keppnisvegalengd.
10. Lækkun á hæð frá rásmarki til endamarks má mest vera 1 m á hverja 1.000 m.

## 7. Framkvæmd hlaups

1. Undanfari á farartæki (t.d. bíll eða hjól) fer fyrir framan fyrsta hlaupara. Ef hlaupnir eru fleiri en einn hringur í hlaupinu skal undanfari aðeins hjóla fyrsta hringinn.
2. Eftirfari á farartæki (t.d. hjól eða bíll) á að vera á eftir síðasta þátttakanda og á að vera í samskiptum við hlaupshaldara/stjórn.
3. Brautarvarsla á vegum hlaupahaldara skal vera til staðar við öll umferðargatnamót á hlaupaleiðinni og á öðrum stöðum þar sem talin er þörf á brautarvörslu, t.d. við krappar beygjur. Fjöldi brautarvarða fer eftir eðli hlaupaleiðarinnar og skal fyrirliggjandi mælingaskýrsla lögð til grundvallar um ákvörðun lágmarksfjölda brautarvarða.
  1. Meginhlutverk brautarvarða er að tryggja öryggi hlaupara, aðallega gagnvart umferð.
  2. Brautarverðir eiga einnig að hafa eftirlit með því að hlauparar hlaupi brautina eins og til er ætlast og þiggi ekki ólöglega aðstoð frá t.d. áhorfendum eða öðrum hlaupurum. Ef brautarvörður telur að þátttakandi hafi brotið reglur hlaupsins ber honum að gefa viðkomandi hlaupara viðvörðum með því að sýna honum gult spjald. Jafnframt skal brautarvörður tilkynna dómara um atvikið.
4. Eftirlitsaðili útnefndur af FRÍ skal votta að brautin sé rétt sett út samkvæmt skýrslu frá mælingarmanni, aðgang að skýrslunni skal hlaupahaldari veita ásamt upplýsingum um fjölda og staðsetningu eftirlitsbrautarvarða. Jafnframt skal eftirlitsmaður votta að framkvæmd hlaupsins sé í samræmi við reglur þessar og skila skriflegri skýrslu þar um.

## 8. Rásmark og mark

1. Start og marklínur skulu vera vel merktar og verður að tryggja að nægt pláss sé fyrir þátttakendur hlaupsins við rásmark.
2. Startíð á að vera ræst með vel hljómandi hljóðmerki, t.d. skoti úr startbyssu.
3. Niðurtalning skal vera í starti hlaupsins.
4. Startsvæðið er eingöngu fyrir þátttakendur hlaupsins.

## 9. Öryggi

1. Hlaupahaldari skal hafa umsjón með öryggismálum hlaupsins. Mælt er með að hlaupahaldari útfæri áhættumat, viðbragðsáætlun og boðleiðaplan.
2. Startsvæðið skal vera lokað fyrir allri umferð þar til síðasti hlaupari er farin af stað.
3. Marksvæðið skal vera lokað fyrir allri umferð þar til síðasti hlaupari er kominn í mark eða þar til auglýstur tími fyrir hlaupslok er liðinn.
4. Hlaupaleiðin skal vera örugg m.t.t. keyrandi umferðar. Brautarvörður á að stöðva og leiðbeina bílum svo að hlauparar séu ekki í hættu á hlaupaleiðinni. Við stærri gatnamót þarf lögregluaðstoð eða sambærilega aðstoð. Athugið að sérstakt leyfi þarf hjá lögreglu fyrir götulokunum.
5. Æskilegt er að sjúkrahjálpi sé aðgengileg innan við 100 metra frá marksvæði með fullnægjandi þjálfuðum heilbrigðisstarfsmönnum (fyrsta hjálpi), og skulu þeir vera búnir fullnægjandi sjúkragögnum og hjartahnoðstæki. Æskilegt er að sjúkrahjálparfólk sé vel merkt. Brautarverðir á hlaupabrautinni eiga að hafa símanúmer hjá sjúkrahjálpinni.

#### 10. Umhverfismál

1. Hlaupahaldari skal hafa umhverfismál að leiðarljósi við undirbúning og framkvæmd hlaupsins.
2. Hlaupahaldari skal vekja athygli starfsmanna, sjálfbóðaliða, þátttakenda og áhorfenda á orkusparnaði, vatnsvernd og úrgangsstjórnun og hvetja til notkunar á almenningssamgöngum til og frá keppnissvæði.
3. Hlaupahaldari skal velja umhverfisvæn efni eins og kostur er, t.d. með því að takmarka notkun á plasti.
4. Merkingar sem notaðar eru til að merkja hlaupaleið skulu að vera úr efni sem auðvelt er að þrifa af malbiki (t.d. hveiti eða vatnleysanlegu efni). Ekki má nota merkingar sem skilja eftir varanlega merkingu (t.d. lakksprey eða málningu).
5. Hlaupaleiðin skal hreinsuð af öllu rusli og merkingum eins fljótt og auðið er að hlaupi loknu.
6. Hlauparar mega ekki henda frá sér rusli á götuna, aðeins á tilteknum merktum svæðum, innan 50 metra frá drykkjarstöðvum eða til brautarvarða á hlaupaleiðinni.

#### 11. Frágangur

1. Hlaupahaldari skal tryggja það að skilið sé við hlaupaleið og það svæði sem notast er við hlaupakeppnina eins og komið var að því.
2. Hlaupahaldarar bera ábyrgð á því að fjarlægja allar merkingar af hlaupaleiðinni eftir að hlaup hefur verið framkvæmt.
3. Öll glös og annað rusl á og í kringum drykkjarstöðvar skal fjarlægja.

#### 12. Önnur þjónusta

1. Aðgangur skal vera að salernisaðstöðu nálægt hlaupstarti og marksvæði. Hlaupahaldari skal taka tillit til fjölda hlaupara og lengd hlaups varðandi fjölda og niðurröðun salerna.
2. Drykkjarstöðvar skulu vera á hlaupaleið fyrir 10 km og lengra. Drykkjastöðvar skulu að vera á 5 km fresti og þarf að bjóða upp á ca. 200 ml af vatni fyrir hvern hlaupara á hverri drykkjastöð.
3. Bjóða skal uppá vatn á marksvæðinu. Ef hlaup er lengra en 15 km þarf að bjóða upp á ca. 400 ml fyrir hvern hlaupara eftir hlaup.
4. Nauðsynlegt er að taka tillit til veðuraðstæðna sem gera kröfur um meiri vökva og vatnssvampa.

5. Ef hiti er yfir 25°C ber hlaupahaldara að athuga að bjóða upp á vatnssvampa eða sambærilegt til kælingar í hálfu-og heilu maraþoni
6. Á Meistaramótum í götuhlaupum er ætlast til að hlaupahaldari bjóða upp á einhvers konar aðstöðu til að geyma fatnað og álíka fyrir þátttakendur.

### 13. Aðstoð

Aðstoð og aðhlyning starfsmanna hlaupsins (officials) við þátttakendur á meðan hlaupi stendur telst lögmæt. Öll önnur utanaðkomandi aðstoð er ólögleg og getur haft í för með sér að árangur verði ógiltur. Það er hlutverk hlaupara að afþakka hvers kyns aðstoð sem kann að valda ógildingu á árangri og/eða beinni frávisun úr hlaupi. Dæmi um slíka ólöglega aðstoð er fylgd á hvers kyns farartæki, fylgd óskráðra hlaupara í hlaupinu, fylgd frá hlaupara sem lokið hefur hlaupinu, drykkir og næring utan viðurkenndra drykkjarstöðva o.s.frv. Hlaupara, sem ekki hefur þegar lokið keppni, er heimilt að aðstoða annan skráðan hlaupara í hlaupi en það skal þó gert með drengilega keppni að leiðarljósi, t.d. rétta viðkomandi drykk á drykkjarstöð og þess háttar.

### 14. Önnur ákvæði

1. Jafnræði skal vera með kynjunum þegar kemur að aðstöðu, fyrirkomulagi og verðlaunum.
2. Hlaupahaldara er heimilt að notast við dróna til upptöku í auglýsingaskyni. Notkunin er alfarið á ábyrgð hlaupahaldara og skal hann kynna sér rækilega reglur Samgöngustofu um notkun á drónum og fylgja þeim í hvívetna (<https://eplica.samgongustofa.is/media/flug/flugrekstur/>).
3. Ef hlaupari telur á sér brotið í hlaupi og hyggst kæra úrslit hlaupsins skal hann gera það innan 30 mínútna frá birtingu úrslita hlaups. Þessi tímarammi gildir fyrir fyrstu 3 hlaupara af hvoru kyni. Kæran skal vera munnleg og berast yfirdómara hlaupsins. Aðrir hlauparar hafa 24 klst frá því að úrslit eru birt til að kæra niðurstöðu hlaups. Í slíkum tilfellum skal kæran berast hlaupahaldara skriflega.
4. Að öðru leyti en að framan greinir gilda lög og reglugerðir FRÍ og ÍSÍ og keppnisreglur IAAF. Sérstaklega er bent á eftirfarandi reglur FRÍ:
  - 22.1 Reglugerð um framkvæmd móta á vegum FRÍ
  - 24. Reglugerð um lyfjapróf og met
  - 26. Reglur um aldursflokkaskipan
  - 29. Reglugerð um eftirlit með frjálssípróttamótum
  - 30. Reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss

Greinar 21, 22.2, 23, 25, 27, 28 og 31, 32.1-4 eiga ekki við um framkvæmda MÍ í götuhlaupum.

### 15. Nánari reglur

um mótið skulu settar af stjórn FRÍ hverju sinni, er þörf er á.

Greinargerð

Eftir mikla vinnu hjá langhlaupanefnd með góðri samvinnu við hlaupahaldara, ásamt skoðun á reglum í nágrannalöndum lítur nú þessi nýja reglugerð dagsins ljós.

**Þingskjal nr. 47: Áskorun um endurskoðun á fyrirkomulagi við keppni í 60m og 200m hlaupum innanhúss**

**Flutningsaðili:** ÍBR/ÍR

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan [sjá þingskjöl] væri samþykkt. Helgi S. Haraldsson lagði fram breytingatillögu.

**Niðurstaða þings:** Tillagan með breytingum skv. tillögu Helga var samþykkt

### **Áskorun um endurskoðun á fyrirkomulagi við keppni í 60m og 200m hlaupum innanhúss**

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að skipaður verði starfshópur til að endurskoða fyrirkomulag við keppni í 60m og 200m á Meistaramótum innanhúss þar sem markmiðið er að finna vænlegustu leiðina við að hafa keppni í 60m og 200m m.t.t. fjölda keppenda, fjölda hlaupa og niðurröðun í riðla.

Greinargerð

Erfitt getur reynst að raða keppendum niður í riðla á sem bestan máta og er það m.a. háð fjölda keppenda og upplýsingum um ársbesta tíma þeirra. Misjafnt er milli ára hvort undanrásir fari fram eða engar undanrásir en A og B úrslit. Hér er lagt til að samræmi verði milli ára þar sem m.a. fjöldi þátttakenda hverju sinni er tekin til greina.

Helgi S. Haraldsson lagði fram eftirfarandi breytingatillögu (breytingar feitletraðar):

### **Áskorun um endurskoðun á fyrirkomulagi við keppni í 60m og 200m hlaupum innanhúss**

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að **fela stjórn FRÍ að skipa starfshóp** til að endurskoða fyrirkomulag við keppni í 60m og 200m hlaupum á Meistaramótum innanhúss þar sem markmiðið er að finna vænlegustu leiðina við að hafa keppni í 60m og 200m **hlaupum** m.t.t. fjölda keppenda, fjölda hlaupa og niðurröðun í riðla. **Starfshópur skal skila tillögum til stjórnar FRÍ fyrir 31. desember 2018.**

**Þingskjal nr. 48:** Tillaga að breytingu á 27. reglugerð um kastáhöld og grindur

**Flutningsaðili:** Laganefnd FRÍ

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 27. reglugerð um kastáhöld og grindur

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir breytingu á töflu um grindahlaup, í flokkum 13 ára pílta og stúlkna, sem hér fylgir með.

#### Greinargerð

Tillagan er flutt vegna þess að misræmi er milli gr. 5.1. í 30. reglugerð um Meistaramót Íslands utanhúss og töflu um grindahlaup í 27. reglugerð um kastáhöld og grindur, að því er varðar grindahlaup 13 ára pílta og stúlkna.

#### Grindahlaup:

(Breytingar *feitletraðar*.)

#### UTANHÚSS

#### stúlkur/konur

	Vegal.	Hæð	Að 1 gr.	Bil milli	Fj. gr.	Í mark
11 ára	60m	50-60	12m	7m	6	13m
12 ára	60m	76,2	12m	7m	6	13m
13 ára	<b>80m</b>	76,2	12m	7,5m	<b>8</b>	<b>15,5m</b>
14 ára	80m	76,2	12m	7,5m	8	15,5m
15 ára	80m	76,2	12m	8m	8	12m
16-17 ára	100m	76,2	13m	8,5m	10	10,5m
	400m	76,2	45m	35m	10	40m
18-19 ára	100m	84	13m	8,5m	10	10,5m
	400m	76,2	45m	35m	10	40m
20 +	100m	84	13m	8,5m	10	10,5m
	400m	76,2	45m	35m	10	40m

Merkingar - í metrum											
1.gr	2.gr	3.gr	4.gr	5.gr	6.gr	7.gr	8.gr	9.gr	10.gr	Mark	
12	19	26	33	40	47						13
12	19	26	33	40	47						13
12	19,5	27	34,5	42	49,5	<b>57</b>	<b>64,5</b>				<b>15,5</b>
12	19,5	27	34,5	42	49,5	57	64,5				15,5
12	20	28	36	44	52	60	68				12
13	21,5	30	38,5	47	55,5	64	72,5	81	89,5		10,5
45	80	115	150	185	220	255	290	325	360		40
13	21,5	30	38,5	47	55,5	64	72,5	81	89,5		10,5
45	80	115	150	185	220	255	290	325	360		40
13	21,5	30	38,5	47	55,5	64	72,5	81	89,5		10,5
45	80	115	150	185	220	255	290	325	360		40



**UTANHÚSS  
piltar/karlar**

	Vegal.	Hæð	Að 1 gr.	Bil milli	Fj. gr.	Í mark	Merkingar - í metrum										
							1.gr	2.gr	3.gr	4.gr	5.gr	6.gr	7.gr	8.gr	9.gr	10.gr	Mark
<b>11 ára</b>	60m	50-60	12m	7m	6	13m	12	19	26	33	40	47					13
<b>12 ára</b>	60m	76,2	12m	7m	6	13m	12	19	26	33	40	47					13
<b>13 ára</b>	<b>80m</b>	76,2	12m	7,5m	<b>8</b>	<b>15,5m</b>	12	19,5	27	34,5	42	49,5	<b>57</b>	<b>64,5</b>			<b>15,5</b>
<b>14 ára</b>	80m	84	12m	8m	8	12m	12	20	28	36	44	52	60	68			12
<b>15 ára</b>	100m	84	13m	8,5m	10	10,5m	13	21,5	30	38,5	47	55,5	64	72,5	81	89,5	10,5
<b>16-17 ára</b>	110m	91,4	13,72m	9,14m	10	14,02 m	13,7	22,8	32,0	41,1	50,2		68,5		86,8		14,0
	400m	84	45m	35m	10	40m	2	6	0	4	8	59,42	6	77,70	4	95,98	2
<b>18-19 ára</b>	110m	99	13,72m	9,14m	10	14,02 m	13,7	22,8	32,0	41,1	50,2		68,5		86,8		14,0
	400m	91,4	45m	35m	10	40m	2	6	0	4	8	59,42	6	77,70	4	95,98	2
<b>20 +</b>	110m	106,7	13,72m	9,14m	10	14,02 m	13,7	22,8	32,0	41,1	50,2		68,5		86,8		14,0
	400m	91,4	45m	35m	10	40m	2	6	0	4	8	59,42	6	77,70	4	95,98	2
							45	80	115	150	185	220	255	290	325	360	40

**Þingskjal nr. 49:** Tillaga að breytingu á 21. reglugerð FRÍ - langhlaup tekin út úr reglugerð um mótaumsókn

**Flutningsaðili:** Langhlaupanefnd FRÍ

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 21. reglugerð FRÍ

61. Frjálsíþróttapening, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að fyrsta málsgrein í grein 5 í reglugerð 21 hljóði svo að loknum breytingum.

Reglur þessar gilda um öll mót sem haldin eru á sviði frjálsíþróttar og haldin eru hér á landi, hvort sem um er að ræða mót innan eða utan vallar. Reglurnar gilda þó ekki um götuhlaup, fjallahlaup eða víðavangshlaup.

Greinargerð

Reglugerðir í langhlaupum eru nú sérstæðar og á umsókn um þau mót ekki heima í reglugerð 21. Nú þegar er á þetta minnst í nýrri reglugerð nr 34 en hér sérstaklega tiltekið til áréttingar.

**Þingskjal nr. 50:** Tillaga að breytingu á 23. reglugerð FRÍ - langhlaup tekin út úr reglugerð um greiðslu

**Flutningsaðili:** Langhlaupanefnd

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt, eftir smávægilegar breytingar (sjá yfirstrikaðan texta) nefndarinnar.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 23. reglugerð FRÍ

61. Frjálsíþróttáþing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að fyrsta málsgrein í 1. grein í reglugerð 23 um skráningargjöld hljóði svo að loknum breytingum. Feitletraður texti bætist við.

Skráningargjöld eru innheimt af tilkynntum skráningum á mót sem haldin eru á vegum FRÍ og/eða sambandsaðila þess. **Þessi grein gildir ekki um götuhlaup, fjallahlaup eða víðavangshlaup á vegum FRÍ.**

~~, s.s. Meistaramót FRÍ og Víðavangshlaup Íslands.~~

Greinargerð

Reglugerðir í langhlaupum eru nú sérstæðar og á texti um skráningargjöld þeirra því ekki heima í reglugerð nr 23. Nú þegar er á þetta minnst í nýrri reglugerð nr 34 en hér sérstaklega tiltekið til áréttingar.

**Þingskjal nr. 51: Tillaga að breytingu á 30. reglugerð FRÍ - Meistaramót í langhlaupum sér talin**

**Flutningsaðili:** Langhlaupanefnd FRÍ

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt.

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 30. reglugerð FRÍ

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að breyta **reglugerð 30 þannig að hluti 3, 4 og 5 falli niður en þess í stað bætist við nýr liður 2.2**

2.2 Meistaramót í langhlaupum.

2.2.1 Maraðnhlaup, karla og kvenna.

2.2.2 Hálfmaramaðnhlaup, karla og kvenna.

2.2.3 5km og 10km götuhlaup, karla og kvenna

2.2.4 Víðavangshlaup

2.2.5 Allir Íslendingar sem skrá sig til þátttöku í ofangreind hlaup eru sjálfkrafa skráðir þátttakendur í Íslandsmeistaramótið.

Jafnframt samþykkir þingið að fella niður grein 2.1.6:

Jafnframt keppni í maraðnhlaupi og hálfmaramaðnhlaupi fer fram sveitakeppni milli félaga í karlaflokki og kvennaflokki. Í hverri sveit teljast þrjú fyrstu keppendur hvers félags í mark. Samanlagður tími þeirra segir til um hvaða félag er Íslandsmeistari í sveitakeppni í maraðnhlaupi og hálfmaramaðnhlaupi.

Greinargerð

Meistaramót í langhlaupum tekin sérstaklega fram og ekki hefur reynst áhugi fyrir sveitarkeppni undanfarin ár.

**Þingskjal nr. 52:** Tillaga að breytingu á 30. reglugerð FRÍ - skerpt á möguleika á Íslandsmeistaratitli

**Flutningsaðili:** Langhlaupanefnd FRÍ

**Tillaga nefndar:** Tillaga borin upp samhliða tillögum nr. 16 og 53 og samþykkt samhljóða að vísa þeim til afgreiðslu hjá stjórn FRÍ.

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 30. reglugerð FRÍ

61. Frjálsíþróttáþing, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að breyta reglugerð 30 þannig að við bætist eftirfarandi liður um Íslandsmeistaratitil.

3.5 Einungis félagsmenn í aðildarfélögum FRÍ geta orðið Íslandsmeistarar. Félagsaðild er þó ekki skilyrði fyrir þátttöku í mótunum.

Greinargerð

Hér er um lykilatritið í Meistaramótum Íslands í götuhlaupum sem ekki hefur verið nógu skýrt til þessa.

**Pingskjal nr. 53:** Tillaga að breytingu á 33. reglugerð FRÍ - skerpt á reglum í Víðavangshlaupi

**Flutningsaðili:** Langhlaupanefnd FRÍ

**Tillaga nefndar:** Tillaga borin upp samhliða tillögum nr. 16 og 52 og samþykkt samhljóða að vísa þeim til afgreiðslu hjá stjórn FRÍ.

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 33. reglugerð FRÍ

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að breyta 33. reglugerð þannig að 5. og 7. grein hljóði svo að loknum breytingum. Nýr texti feitletraður.

5. grein

Kept er um sæmdartitilinn, Íslandsmeistari í víðavangshlaupum, í öllum flokkum sem tilgreindir eru í 6. grein. Veita skal verðlaun fyrir fyrstu þrjú sæti á hvoru kyni.

~~í hverjum flokki.~~

**Sæmdartitillinn Íslandsmeistari er þó aðeins veittur félagsmanni í aðildarfélagi FRÍ.**

7. grein

Sú sveit, **skipuð félagsmönnum í aðildarfélögum FRÍ**, ber sigur úr bítum sem fæst fær stigin skv. samanlagðri raðtölu þeirra meðlima sveitarinnar sem stig hljóta í mark. Raðtölur allra keppenda í mark, hvort sem þeir fylla sveit eða ekki, teljast með til hækkunar raðtölum einstakra keppenda.

Greinargerð

Hér þarf að skerpa á möguleikanum á að verða Íslandsmeistari, það er ekki allra.

**Þingskjal nr. 54:** Tillaga að breytingu á 33. reglugerð FRÍ - vegalengdir í  
**Víðavangshlaupi**

**Flutningsaðili:** Langhlaupanefnd FRÍ

**Tillaga nefndar:** Laganefnd lagði til að tillagan væri samþykkt

**Niðurstaða þings:** Samþykkt

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

#### 33. reglugerð FRÍ

61. Frjálsíþróttaping, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars, samþykkir að breyta 33. reglugerð þannig að 6. grein hljóði svo að loknum breytingum:

Framkvæmdaraðili skal bjóða upp á keppni í öðrum flokkum og vegalengdum:

Piltar og stúlkur 12 ára og yngri:	u.þ.b. 2 km
Piltar og stúlkur 13 - 14 ára:	u.þ.b. 2 km
Stúlkur 15 - 17 ára:	u.þ.b. 4 km
Piltar 15 - 17 ára:	u.þ.b. 6 km
Stúlkur 18 - 19 ára:	u.þ.b. 6 km
Piltar 18 - 19 ára:	u.þ.b. 8 km
Karlar og konur 20 ára og eldri:	u.þ.b. 10 km

Greinargerð

Samræmt að leiðbeiningum IAAF.

## **Kjör stjórnar og nefnda**

Magnús Jakobsson formaður uppstillingarnefndar gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar um Frey Ólafsson sem formann FRÍ. Tillaga um aðra stjórnarmenn:

Guðlaug Baldvinsdóttir

Gunnar Svavarsson

Kári Steinn Karlsson

Fjóla Signý Hannesdóttir

Varastjórn:

Eiríkur Mörk

Aðalbjörg Hafsteinsdóttir

Björg Ágústsdóttir

Helgi Sigurður Haraldsson

Pórunn Erlingsdóttir

Þá lagði uppstillingarnefnd fram eftirfarandi tillögur að formönnum fastanefnda:

- Íþróttá- og afreksnefnd: Magnús Valgeir Gíslason
- Langhlaupanevnd: Sigurður Þórarinnsson
- Dómaranevnd: Þorsteinn Þorsteinsson
- Fræðslu – og útbreiðslunevnd: Gunnhildur Hinriksdóttir
- Laganefnd: Guðmundur Heiðar Guðmundsson
- Öldungaráð: Hafsteinn Óskarsson
- Skráningar: Bergur Hallgrímsson
- Mótanevnd: Eiríkur Mörk Valsson
- Mannvirkjanevnd: Sigurður Haraldsson
- Búninganevnd: Súsanna Helgadóttir
- Unglinganevnd: Súsanna Helgadóttir
- Fulltrúar á ÍSÍ-þing:
  - Freyr Ólafsson
  - Gunnar Svavarsson
  - Guðlaug Baldvinsdóttir
- Skoðunarmenn reikninga:
  - Kristinn Guðlaugsson
  - Hannes Strange

Allar tillögur uppstillingarnefndar voru samþykktar samhljóða.



Lögð var fram tillaga um að uppstillingarnefnd fyrir 62. Frjálsíþróttahring yrði skipuð eftirfarandi, sem jafnframt var uppstillingarnefnd fyrir 61. Frjálsíþróttahring: Magnús Jakobsson, formaður og meðstjórnendur Aðalbjörg Hafsteinsdóttir og Hreinn Ólafsson. Tillagan samþykkt samhljóða.

## Önnur mál

**Gunnar Páll Jóakimsson** kom upp og þakkaði fyrir gott starf þingsins. Hann sagði ánægjulegt að sjá hversu góð þátttaka væri alls staðar af landinu á þinginu og að fyrir útbreiðslu þá væri mikilvægt að frá hverju héraðssambandi kæmi að lágmarki einn fulltrúi. Hann sagði líka þakkarvert hve samhljómur væri mikill meðal þingfulltrúa. Hann minntist á stigakeppni á Meistaramótum, og benti á að við eigum orðið keppnisfólk í bandarískum háskólum þar sem fólk geri það gott og að nánast um hverja helgi fáum við fréttir af afrekum í frjálsum íþróttum.

**Súsanna Helgadóttir** formaður unglínganefndar kom í pontu og þakkaði fráfarandi formanni unglínganefndar, Aðalbjörgu Maríu Vigfúsdóttur fyrir vel unnin störf og gott samstarf. Hvatti hún þingfulltrúa jafnframt til að hlúa vel að unga fólkinu í frjálsum, 14-19 ára og 20-22 ára, sem þurfa stuðning til æfinga. Hún sagði að 3 keppendur væru nú komnir með lágmark á EM U-18 og að þess væri vænst að fleiri gætu komist inn. HM U-20 væri einnig framundan þar sem nokkrir aðilar stefni á lágmark. Hún minntist einnig á Ólympíuhátíð í Buenos Aires í október nk. og að nokkrir einstaklingar væru líklegir til að tryggja sér þátttöku þar. Hún vildi þakka sérstaklega góð störf þeim Fíffó, Friðriki Ó. Friðrikssyni, sem væri gullmolinn í frjálsum, ávallt tilbúinn, og Þorkeli Stefánssyni sem sér um Silfrið og er með myndavélina á lofti á mótum. Hún sagði mikilvægt að þessi heimild væri til, en hvatti FRÍ til að huga að því hvort hægt væri að hafa þessar upptökur “live” frá mótum.

**Freyr Ólafsson** lagði fram eftirfarandi tillögu að ályktun:

“61. Frjálsíþróttahátíð, haldið í Kópavogi 23. og 24. mars 2018 ályktar:

Frjálsíþróttahreyfingin þakkar Kópavogsbæ fyrir að hýsa þingið. Jafnframt þökkum við bæjarstjóra, Ármanni Kr. Ólafssyni, fyrir samveruna á þinginu og ávarp hans þar. Sérstaka athygli og ánægju vöktu orð bæjarstjóra um frjálsíþróttahús í Kópavogi. Þingið telur enda byggingu slíks húss tímabæra og hvetur bæjarstjórn Kópavogs til að láta sem fyrst hefja vinnu við staðarval og hönnun frjálsíþróttahúss í bænum. Tilurð hússins væri ekki aðeins lyftistöng fyrir frjálsíþróttir heldur flestar greinar íþróttar og byði upp á nýja möguleika í þeim þætti lýðheilsu er snýr að hreyfingu.”

Borin upp til samþykktar af þingforseta, samþykkt samhljóða.

Freyr kom upp og færði Friðriki Ó. Friðrikssyni heiðursmerki frá European Athletics fyrir vel unnin störf.

Að lokum steig **Freyr Ólafsson** nýkjörinn formaður í pontu og þakkaði traustið. Hann færði fráfarandi stjórnarfólki þakkir fyrir vel unnin störf og sagðist hlakka til starfsins framundan. Freyr sagði mikinn kost að þingið nyti styrks fyrrverandi formanna stjórnar, sem hér sætu þing. Einnig væri það ánægjulegt þegar yngra fólkið stigi fram og tæki að sér ábyrgðarstörf, í stjórn og nefndum, t.d. í laganefnd þar sem nú væru komnir inn nýir fulltrúar, lögfræðingar, til liðsinnis við eldri reynslubolta.

Freyr þakkaði þingforsetum fyrir röggsama stjórn, færði þakkir tæknimönnum þingsins og þakkaði þingfulltrúum fyrir gott starf og árangursríkt þing. Að svo búnu sleit hann 61. Frjálsíþróttþingi FRÍ.

Þingi slitið kl. 13:51.